



Skokkað í rigningunni Úrhellisrigning var á höfuðborgarsvæðinu í gær en þessi skokkari virtist ekki láta hana á sig fá þar sem hann hljóp fram hjá Sólfarinu, verki Jóns Gunnars Árnasonar, á Sæbrautinni. Samkvæmt spá veðurfræðingsins Óla Þórs Árnasonar á Veðurstofu Íslands er von á suðaustanátt út vikuna og áframhaldandi rigningu sunnan til á landinu þótt komið gætu tímabil um miðja vikuna þar sem úrkomuminna verður en ágætis haustveður verður á norðanverðu landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sárasóttarbylgja á Íslandi

Tuttugu samkynhneigðir karlmenn voru greindir með sárasótt síðasta vetur. Flestir þeirra með sjúkdóminn á öðru stigi. Sjúkdómurinn er lífshættulegur á þriðja stigi. Síðustu áratugi hefur sárasótt örsjaldan greinst.

**HEILBRIGÐISMÁL** Mikil sprenging varð í greiningu á sárasótt meðal íslenskra samkynhneigðra karlmanna síðastliðinn vetur. Tuttugu menn voru greindir með sjúkdóminn á innan við ári, sem annars hefur legið í dvala í áratugi á Íslandi.

„Fyrir sex árum varð sárasóttarbylgja í Evrópu meðal samkynhneigðra karlmanna. Það er dæmigert að slík bylgja skelli á Íslandi nokkrum árum seinna,“ segir Baldur Tumi Baldursson, yfirlæknir húð- og kynsjúkdómadeildar Landspítalans.

„Þetta er mjög mikill fjöldi enda hefur þessi sjúkdómur legið niðri hér á landi. Einstaka tilfelli hafa verið greind, og þá aðallega hjá útlendingum.“

Flestir sem hafa verið greindir með sárasótt hafa verið með sjúkdóminn á öðru stigi en á þriðja stigi er sárasótt lífshættuleg.

„Ef kona fær sárasótt og er þunguð verður barnið verulega greindarskert og illa skadað. Einnig getur sárasótt lagst á taugakerfið, heilann og hjartað – með alvarlegum afleiðingum. Aftur á móti er frekar einfalt að meðhöndla sjúkdóminn með

**●● Ef kona fær sárasótt og er þunguð verður barnið verulega greindarskert og illa skadað. Einnig sest sárasótt á taugakerfið, heilann og hjartað – og getur dregið menn til dauða.**

Baldur Tumi Baldursson, yfirlæknir á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítalans



sýklalyfjum í vöðva. En það þarf að greina hann í tæka tíð.“

Baldur Tumi segir að smokknotkun hér á landi sé verulega ábótavant. Hann minnir á að aðrir kynsjúkdómar en sárasótt og HIV geti haft alvarlegar afleiðingar. Til að mynda klamydía sem um þúsund manns greinast með árlega. „Konur með ógreinda klamydíu geta orðið ófrjóar. Það eru kannski margar leiðir til í dag til að koma í veg fyrir dauðadóm þótt maður fái kynsjúkdóm en afleiðingarnar af þeim geta samt skert lífsgæði verulega.“

– ebg / sjá síðu 4

## Fjórir í varðhaldi í umfangsmiklu fíkniefnasmygli

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á tugi kílóa af sterkum fíkniefnum sem fundust í bifreið síðastliðinn mánudag. Bifreiðin kom hingað til lands með Norrænu 22. september síðastliðinn. Fjórir einstaklingar sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Tveir þeirra eru Íslendingar og tveir Hollendingar og eru þeir á þrítugs- og fertugsaldri.

„Þetta er mjög stórt mál á

íslenskan mælikvarða en rannsóknin gengur vel,“ segir Aldís Hilmarsdóttir, aðstoðaryfirlög-regluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um málið. Hún bætir við að ekki sé hægt að veita upplýs-



ingar um hvaða efni ræði né magn þeirra. Hins vegar sé um mikið magn fíkniefna að ræða. Þá segir Aldís að efna greining hafi farið fram og að rannsókn málsins sé í fullum gangi.

Þrjú einstaklinganna voru úrskurðaðir í þrjú vikna gæsluvarðhald og einn þeirra í viku. – ngy / sjá síðu 2

**●● Þetta er mjög stórt mál á íslenskan mælikvarða en rannsóknin gengur vel.**

Aldís Hilmarsdóttir, aðstoðaryfirlög-regluþjónn



### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um Íslendingasögurnar. **12-13**

**SPORT** Emil Pálsson bestur. **14-16**

**MENNING** Dómur um kvikmyndina Prestir eftir Rúnar Rúnarsson. **22-24**

**LÍFIÐ** Ágústa Eva bætist í hóp dómara í Ísland Got Talent. **28-30**

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FÓLK**  
● FASTEIGNIR ● BADHERBERGI

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


**Pinex® Smelt**

Munddreifitöflur  
250 mg



**Actavis**

## Veður



Allhvöss suðaustanátt á austurhelmingi landsins í dag, en mun hægari um landið vestanvert. Rigning sunnan til og á köflum talsverð suðaustanlands, en lengst af úrkomulítið fyrir norðan.



Hlaupið náði hámarki um hádegisbil á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Brúin hangir á blápræði

**NÁTTÚRA** Óttast er að brúin yfir Eldvatn við Ása gæti hrúnið í hlaupinu í Skaftá. Hlaupið hefur grafið undan undirstöðum brúarinnar en um helmingur þeirra stendur berskjaldaður við árfarveginn.

Þrátt fyrir varhugaverðar aðstæður við Eldvatn er hlaupið í rénun en Sveinn Kristján Rúnarsson yfirlög-regluþjónn, segir að enn sé áin nokkuð straumhóð.

„Fólk verður að fylgjast með því ef eitthvað verður um lokanir á þjóðveginum og aka eftir merkingum. Við getum lækkað hámarkshraðann í kring um dýngjurnar. Fólk þarf að fylgjast vel með og fara varlega.“

Skaftárhlaupið þetta árið er það allra mesta á undanförunum árum en við upptök hlaupsins, við Sveinstinda, náði vatnsmagnið rúmum 2.100 rúmmetrum á sekúndu.

Rennslíð við Eldvatn náði hámarki um hádegisbil á föstudaginn eða um 2.200 rúmmetrum á sekúndu. Vatnið flæðir inn á hraunið sem umlykur svæðið og gerir Veðurstofan ráð fyrir að þar flæði meira næstu daga.

Hlaupið náði lágmarki í gær og mælingar Veðurstofu sýndu að vatnsmagnið var rétt yfir 250 rúmmetrum á sekúndu en flóðið byrjaði að aukast rétt fyrir klukkan sex í gær og var þá um 320 rúmmetrar á sekúndu. – srs

## Flogið yfir Suðurland



Gæsaveiðin fór hægt af stað í haust vegna þess að vorið og sumarið var kalt og engar kjöraðstæður fyrir fugla að koma upp ungum. Dúi J. Landmark, formaður Skotveiðifélags Íslands, segir að veiðin hafi breyst mikið undanfarin ár. Hlýrra sé í veðri og menn geti veitt fram í nóvember. Vilhelm Gunnarsson ljósmyndari rakst á þennan hóp gæsa og álfta þegar hann var á ferð undir Eyjafjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hrútar unnu aðalverðlaunin

**SAMFÉLAG** „Ég er hæstánægður með þessi verðlaun og það er gaman hvað íslenskum kvikmyndum gengur vel þessa dagana,“ segir Grímur Hákonarson.

Kvikmynd hans, Hrútar, vann um helgina Gullna augað á kvikmyndahátíðinni í Zürich í Sviss.



Grímur Hákonarson

Þetta eru aðalverðlaunin í flokki alþjóðlegra kvikmynda í fullri lengd en alls tóku fimmtán myndir þátt í keppninni.

Grímur var viðstaddur verðlaunaafhendinguna í Zürich og tileinkaði verðlaunin íslenskrí kvikmyndagerð. – ngy

# Fundu tugi kílóa af sterkum efnum í bíl

Lögreglan lagði hald á tugi kílóa af sterkum fikniefnum sem fundust í bifreið. Bifreiðin kom til Íslands með Norrænu. Fjórir sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Lögreglan segir áhyggjuefni hve mikið af fikniefnum flæðir inn í landið.

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á tugi kílóa af sterkum fikniefnum sem fundust í bifreið síðastliðinn mánudag. Bifreiðin kom hingað til lands með Norrænu 22. september síðastliðinn.

Fjórir einstaklingar sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Tveir þeirra eru Íslendingar og tveir Hollendingar og eru þeir á þritugs og fertugsaldri.

„Þetta er mjög stórt mál á íslenskan mælikvarða en rannsóknin gengur vel,“ segir Aldís Hilmarsdóttir, aðstoðaryfirlög-regluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, um málið. Hún bætir við að ekki sé hægt að veita upplýsingar um hvaða efni ræði né magn þeirra. Hins vegar sé um mikið magn fikniefna að ræða. Þá segir Aldís að efnagreining hafi farið fram og að rannsókn málsins sé í fullum gangi.

Þrjú einstaklinganna voru úrskurðaðir í þriggja vikna gæsluvarðhald og einn þeirra í viku. Hæstiréttur hefur staðfest alla úrskurðina.

Þetta er þriðja stóra fikniefna-

Pað er mikið áhyggjuefni hversu mikið magn virðist flæða hér inn í landið

Aldís Hilmarsdóttir aðstoðaryfirlög-regluþjónn



málið sem komið hefur upp á Íslandi á stuttum tíma. Tollverðir á Seyðisfirði fundu 80 kílógrömm af MDMA í húsbíl sem kom einnig með Norrænu til Seyðisfjarðar í byrjun september síðastliðins. Fundust efnin í niðursududósum, varadekki bifreiðarinnar sem þau grunuðu voru á og tveimur gaskútum. Hollenskt par situr nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Bæði málin eru með stærstu fikniefnamálum sem komið hafa upp hér á landi. Þá voru hollenskar mægur stöðvaðar með tæplega tuttugu kíló af fikniefnum í Leifstöð um páskana.

„Það er mikið áhyggjuefni hversu mikið magn virðist flæða hér inn í landið en að sama skapi ánægjulegt að vita að lögregla og tollur séu að ná árangri í að hindra flæðið að einhverju leyti,“ segir Aldís.

nadine@frettabladid.is

## Hámarksrefsing 12 ár

Þau grunuðu gætu átt yfir höfði sér tólf ára fangelsisdóm vegna málsins en það er hámarksrefsing fyrir innflutning fikniefna. Almenn hegningarlög segja að hver sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fikniefni flytur inn, flytur út, kaupir eða lætur af hendi ávana- og fikniefni skuli sæta fangelsi allt að 12 árum. Samkvæmt tölum sem Fangelsismálastofnun tók saman fyrir vefritið Kjarnann í nóvember á síðasta ári var meðallengd refsinga þeirra fanga sem þá afplánuðu fyrir stórfelld fikniefnabrot í íslenskum fangelsum, eða öðrum úrræðum utan þeirra, um 68 mánuðir. Það þýðir að meðallengd dóms hvers og eins þeirra er fimm ár og sjö mánuðir.

**ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS**

Fjórar sýningar að eigin vali á besta verðinu.

**VERTU MEÐ Í VETUR!**

Miðasala borgarleikhus.is 568 8000

# Til hamingju Hótel Húsafell


Landsbankinn óskar Hótel Húsafelli til hamingju með nýja hótelbyggingu, sem fjármögnuð er af Landsbankanum. Hótel Húsafell er nýtt glæsilegt 36 herbergja 4 stjörnu hótel og veitingastaður á einum veðursælasta og fallegasta stað landsins. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

1.950 fermetrar

36 hótelherbergi

Opið allt árið

82 rúm



# Assad segir loftárásir Bandaríkjamanna árangurslausar

**SÝRLAND** Forseti Sýrlands, Bashar al-Assad, segir að bandalag milli Sýrlands, Rússlands, Írans, og Íraks, verði að skila árangri, annars verði svæðið eyðileggingu að bráð. Hann sagði það jafnframt mikilvægt fyrir öll Mið-austurlöndin að loftárásir Rússlands gegn Íslamska ríkinu væru árangursríkar en loftárásirnar héldu áfram í gær og hafa nú staðið yfir í sex daga.

Í viðtali við íranska ríkissjónvarpið sagði forsetinn að Sýrland, Rússland, Íran og Írak ynnu saman að því að

berjast gegn hryðjuverkum og hann teldi líkur á því að árásirnar yrðu árangursríkar. Hann gagnrýndi jafnframt loftárásir Bandaríkjamanna í Sýrlandi og Írak og sagði þær ekki hafa borið árangur í að sporna gegn hryðjuverkum á svæðinu.

Alþjóðlegir andstæðingar forsetans hafa sagt að til þess að binda enda á borgarastyrjöldina í Sýrlandi verði forsetinn að segja af sér en sjálfur segir forsetinn í við-

talínu að ef lausnin fælist í afsögn hans myndi hann ekki hika við að segja af sér.

Loftárásir Rússa hafa líkt og áður sagði staðið yfir í sex daga og er árásumum sagt beint gegn herbúðum Íslamska ríkisins en sýrlenskir aktivistar segja þær beinast gegn öðrum uppreisnarhópum.

Í gær sagði rússneska varnarmálaráðuneytið frá því að flugvélar þeirra hefðu sprengt tíu skotmörk undir yfirráðum Íslamska ríkisins. Sýr-

lenskir aktivistar sögðu hins vegar að í það minnsta tvö börn og smali hefðu beðið bana í árásumum sem beint var að borginni Homs og árásirnar hefðu að auki sært fimmtán manns.

Bæði Tyrkland og Bretland hafa fordæmt aðgerðir Rússa og hvatti David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, Rússa til að breyta um stefnu og viðurkenna að forsetinn verði að hverfa frá völdum í Sýrlandi, hann væri ekki fær um að sameina sýrlensku þjóðina. – gló



Bashar al-Assad forseti Sýrlands.  
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Helmings líkur á að ungt fólk sem stundar skyndikynni fái klamydíu

Þúsund greinast árlega með klamydíu. Flestir á aldrinum 17-27 ára. Yfirlæknir á húð og kynsjúkdómadeild segir þörf á smokkaátaki.

**HEILBRIGÐISMÁL** Einn af hverjum sjö sem koma á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítalans í skoðun greinist með klamydíu. Lengi hefur verið talað um að Ísland eigi Evrópamet í klamydíusmiti og það tengt við hve duglegir Íslendingar eru að fara í tékk. Baldur Tumi Baldursson, yfirlæknir deildarinnar, segir málið ekki endilega svo einfalt.

„Við viljum fá marga í tékk, það er jákvætt. En við fáum marga í tékk og greinum marga. Fjöldi greininga fer þó eftir því hve vel mönnuð við erum á deildinni. Því fleiri starfsmenn, því fleiri skoðanir og því fleiri greiningar. Þessa dagana er tveggja vikna biðlisti en heimsóknnum hefur líka fjölgað eftir að við breyttum rakningu hjá okkur. Nú rekjum við fjölda bólfélaga heilt ár aftur í tímann og fólk man betur eftir bólfélögum vegna Facebook, Tinder og annarra samfélagsmiðla. Við getum orðað það þannig að fólk eigi auðveldara með að vita eða muna nöfn bólfélaganna nú til dags.“

Baldur Tumi setur upp einfalt reikningsdæmi og tekur þar mið af erlendum rannsóknum. Stærsti hópur þeirra sem greinast með klamydíu á Íslandi er á aldrinum 17-27 ára. Ef tuttugu prósent þeirra, um það bil sex þúsund, stunda skyndikynni og það er borið saman við þá sem eru greindir á deildinni þá kemur út sú niðurstaða að ef tveir virkir í skyndikynnum stunda kynlíf eru um helmingslíkur á að klamydíusmit verði ef ekki er notaður smokkur. Og lítil smokkanotkun virðist vera vaxandi vandi.

„Við erum að sjá það í greiningum að krakkar nota minna smokka. Aukið sárasóttarsmit meðal samkynhneigðra karlmanna gefur

Í hvert skipti sem félagarnir segja að það sé glatað að nota smokk þurfa ömmurnar að segja fimm sinnum að það verði að nota smokk.


Baldur Tumi Baldursson, yfirlæknir húð- og kynsjúkdómadeildar Landspítalans



okkur sömu vísbendingu. Foreldrar og forráðamenn þurfa að skipta sér meira af þessu. Í hvert skipti sem félagarnir segja að það sé glatað að nota smokk þurfa ömmurnar að segja fimm sinnum að það verði að nota smokk. Við erum hreinlega að bregðast unga fólkinu með því að hvetja það ekki meira til að nota smokkinn.“

Baldur Tumi stingur upp á að eytt sé meiri fjárhæðum í forvarnir og smokkaherferðir enda séu klamydíuþróf og -lyf rándýr fyrir samfélagið. Svo ekki sé talað um lyf gegn HIV og lifrabólgu. Hann svarar því játandi að fólk sé mögulega hætt að vera eins hrætt við að smitast þar sem hægt er að meðhöndla flesta sjúkdóma ef maður fer nógu oft í tékk.

„Það er kannski ekki dauðadómur að fá kynsjúkdóm en það getur haft alvarlegar afleiðingar. Það er varlega áætlað að fjórðungur kvenna sem eru ófrjóar séu það vegna klamydíu. Og þar sem við erum Evrópumeistarar þá er ég hræddur um að hlutfallið sé hærra hér.“ [erlabjorg@frettabladid.is](mailto:erlabjorg@frettabladid.is)



Húð og kynsjúkdómadeild Landspítalans er í Fossvogi. Þar getur fólk komið í skoðun. Klamydíusmit hefur verstu afleiðingar fyrir konur. Fá sjúkdómurinn að grassera í mörg ár getur það haft skelfilegar afleiðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Tuttugu greindust með sárasótt síðasta vetur

**Hvað er sárasótt?** Sárasótt eða sýfilis er sjúkdómur sem smitast eingöngu við kynmök. Ef ekkert er að gert gengur sjúkdómurinn í gegnum þrjú stig. Fyrstu einkennin koma 3-12 vikum eftir smit og eru rauðbrún sár á smitstaðnum. Frá einni viku og allt að 6 mánuðum eftir að sárið grær hefst annað stig sjúkdómsins með útbrotum víða

um líkamann og einkennum sem líkjast flensu. Þessi einkenni hverfa einnig eftir mislangan tíma og þá er sjúkdómurinn einkennalaus, stundum árum saman. Á lokastigi veldur sjúkdómurinn skemmdum á heila og hjarta. Sárasótt hefur legið niðri á Íslandi í fjölda ára og því er um verulega fjölgun á tilfellum að ræða.

**7.000**  
komu á húð og kyn árið 2014

**25%**  
ófrjórra kvenna eru það vegna klamydíu.

## Var á réttum stað á réttri stund

**LÖGREGLUMÁL** „Ég var staddur í götu rétt hjá þegar ég sá eldglærningar,“ segir Böðvar Sigurðsson leigubílstjóri. Hann var við vinnu í Mosfellsbæ þegar hann tók eftir eldi í húsi við Skeljatanga. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú eldsupptökin, ikveikja hefur ekki verið útilokuð.

Böðvar varð var við eldinn klukkan hálf fjögur aðfaranótt sunnudags. Eldur hafði kviknað við skjólvegg og útidyrarhurð á neðri hæð hússins.

„Ég greip upp símann, hringdi í 112 og var með þá á línunni allan tímann. Ég þurfti að vekja íbúa í öðru húsi því ég vissi ekki í hvaða götu ég var staddur til að fá slökkviliðið á réttan stað,“ segir Böðvar.

Kjartan Gíslason býr í næsta húsi við það hús þar sem eldsupptökin áttu sér stað. „Það er bankað hjá mér um miðja nótt og þar stendur maður í símanum og er að hringja á Neyðarlínuna. Hann spyr mig númer hvað næsta hús sé,“ segir Kjartan. Kjartan og Böðvar hlaupa því næst yfir í næsta hús og hefja að berja á glugga. „Ég kíkí inn



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég er bara ánægður að vera á réttum stað á réttum tíma.

Böðvar Sigurðsson, leigubílstjóri

um glugga og sé strákinn sem býr þar halda á syni sínum. Ég segi við hann að við ættum að taka börnin í gegn um gluggann sem við og gerum,“ segir Kjartan. Faðir barnanna tveggja óð svo eld og reyk til að komast út.

Kjartan fór með börnin inn til sín og vakti þar sem bjó á efri hæð hússins þar sem eldurinn átti sér upptök. Engan sakaði og Kjartan segir að börnin hafi verið róleg yfir atvikum næturinnar.

Kjartan segir að eldtungurnar hafi náð upp á þak hússins. Slökkvistörf tóku þó skamman tíma en rífa þurfti klæðningu úr húsinu til að ljúka slökkvistörfum. Kjartan segist ekki hafa séð neitt sem benti til ikveikju.

Böðvar segir að ekkert annað hafi komið til greina en að aðstoða. „Maður hugsar ekkert um það í raun. Þetta gerðist bara. Ég er bara ánægður að vera á réttum stað á réttum tíma,“ segir Böðvar en eftir björgunarstörfin hélt hann áfram vinnu til klukkan átta um morguninn.

– srs / joe

LÍFIÐ HELDUR ÁFRAM Í OKTÓBER!

STÓRSKEMMTILEGT

Lífið drullumall FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA SÝNT Í TJARNARBÍÓ

Áðeins örfáar sýningar:

Sun. 18. okt. kl. 13.00  
Sun. 1. nóv. kl. 13.00  
Sun. 15. nóv. kl. 13.00  
Sun. 22. nóv. kl. 13.00

Griman 2015  
Barnasýning ársins  
Sproti ársins

MIÑASALA Á MIÐI. IS OG Í TJARNARBÍÓ

# Rafmagnaður í alla staði.



Led-framljós spara orku.

Frí heimahleðslustöð.

Rafdrifinn e-Golf  
**4.590.000 kr.**



8 ára ábyrgð á rafhlöðu.

**Til afhendingar strax!**

## Rafdrifinn e-Golf.

Með e-Golf stígur Volkswagen skrefinu lengra með vinsælu Golf fjölskylduna. Þetta er fyrsti fjölskyldu rafbíllinn sem byggir á áratuga reynslu og býður upp á öll þægindin sem þú finnur í venjulegum Golf. Skiptu yfir í framtíðina með e-Golf.



**Das Auto.**

## Minna í lögreglu þótt fólki fjölgi

**SVEITARSTJÓRNIR** Ferðamönnum á Suðurlandi fjölgaði um hálfa milljón á síðustu tveimur árum. Bæjarstjórn Hornafjarðar segir ótækt að samt eigi að draga úr fjárframlögum ríkisins til embættis lögreglustjóra á Suðurlandi á næsta ári.

„Fjöldi íbúa á bak við hvern lögreglu-mann á Suðurlandi er 601. Til samanburðar er hann á landinu öllu 500 íbúar. Þar fyrir utan er ferðamannafjöldinn langmestur um Suðurland,“ segir bæjarstjórn Hornafjarðar. – gar

## Ætla að opna nefndarfundi

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu Gunnars Einarssonar bæjarstjóra um að hann semji reglur á grundvelli sveitarstjórnarlaganna um að fundir fastanefnda bæjarstjórnar Garðabæjar verði almennt haldnir í heyranda hljóði og opnir.



Gunnar Einarsson

„Skýrar reglur um opna fundi eru til þess að auðvelda íbúum að setja fram ósk um opna fundi,“ segir í tillögunni. – gar

## Óttast aukinn rásisma í Þýskalandi



Liðsmenn Pegida-hreyfingarinnar í Þýskalandi efndu til kröfugöngu í gær. Þeir héldu meðal annars á borða þar sem stendur „Friðsamleg og sameinuð gegn trúarstríðum á þýskri grund“. Á sama tíma og Þjóðverjar hafa tekið flóttamönnum frá stríðshráðum löndum opnum örmum aukast áhyggjur mannréttindasamtaka í Evrópu af auknum uppgangi rásista í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

## Þung byrði á fyrrverandi sterkasta manni heims

**DÓMSMÁL** „Við vissum það alveg frá byrjun að við værum með unnið mál. Spurningin var bara hversu mikils virði eru mannréttindi og fríðhelgi einkalífs einstaklings,“ segir fyrrverandi afraunamaðurinn Magnús Ver Magnússon.

Aðalmeðferð í skadabótamáli hans gegn íslenska ríkinu fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi. Magnús fer fram á tíu milljónir króna í miskabætur frá ríkinu auk dráttarvaxta og málskostnaðar vegna ólög-mætrar meingerðar í hans garð. Ríkið fer hins vegar fram á verulega lækk-aðar dómkröfufur og að málskostnaður verði felldur niður. Ekki er farið fram á sýknu.

Upphaf málsins má rekja til þess að Magnúsi var tilkynnt um það frá lög-reglunni að hann hefði verið beittur ýmsum rannsóknarráðum í rann-sókn sem beindist gegn honum á sínum tíma, þar með talið að hlera síma hans, nota eftirfararúnað í bif-reið hans sem og að setja hlustunar-búnað í bifreið í umráðum hans.

„Fyrst var ég bara í sjokki en svo varð ég bara reiður. Þeir fengu heimild til þess að hlusta á öll mín símtæki, þar á meðal símanúmer sem dóttir mín, sem þá var tíu ára gömul, notaði.“ Málið snerist um meinta aðkomu Magnúsar að stórfelldum innflutningi á fíkniefnum til landsins. Rannsókn-inni var að lokum hætt en fylgst var með Magnúsi í þrjú ár. „Þetta er nátt-úrúlega bara kerfishrun hjá lögreglu og ríkissaksóknara. Nú vilja þeir bara borga lágmarksbætur en við gerum kröfu upp á 10 milljónir. Peningarnir eru þó ekki aðalmálið í þessu heldur vil ég að það verði slegið fast á hendurnar á þeim,“ segir Magnús og bætir við að dómurinn verði fordæmisgefandi og að hann vilji að í framtíðinni sjái fólk sér hag í því að sækja rétt sinn í stað þess að sá slagur muni ekki borga sig. „Svo er ég líka bara þekktur fyrir það að gefast ekki upp,“ segir Magnús og hlær.

Magnús talar um að dómstóll göt-unnar skipti sig máli. „Nafnið mitt er vörumerki sem ég byggði afkomu mína á. Ég var sterkasti maður í heimi og rek æfingaklúbb sem heldur hina ýmsu viðburði, til dæmis sterkasti



Magnús fer fram á tíu milljónir króna í miskabætur frá ríkinu auk dráttarvaxta og málskostnaðar vegna ólög-mætrar meingerðar í hans garð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fatlaði maðurinn. Með þessu er með gróflægum hætti verið að rægja mig og vörumerkið mitt,“ segir Magnús en hann segir að í kjölfar fréttáflutnings af málinu hafi hann tekið eftir því að viðskipti við sig hafi minnkað vegna neikvæðs viðhorfs í sinn garð.

„Svo var mun erfiðara að fá styrktar-fé vegna viðburða sem ég skipulagði.“ Verst finnst Magnúsi þó að yngri dóttir hans hafi orðið fyrir einelti sem byrjaði vegna málsins. Hún þurfti af þeim sökum að skipta um skóla. „Hún var spurð hvort pabbi hennar væri glæpa-maður og svo hættu vinkonur hennar að tala við hana.“ Magnús gerir ráð fyrir að krakkarnir í skólanum hafi heyrt umræður um málið á heimili sínu. „Stelpan mín er þó alsæl í dag.“

Annað dæmi um það hvaða áhrif málið hefur haft á Magnús er að hann er undantekningarlaust stöðvaður af tollvörðum í Keflavík þegar hann kemur til landsins. Hann segist ferðast reglulega vinnu sinnar vegna. „Toll-verðirnir koma hlaupandi að mér undantekningarlaust í hvert einasta skipti og fá að lýsa í gegn um töskurnar mínar. Þetta finnst mér ósanngjarnt og að það sé brotið gegn jafnræðisreglu.“ Dómur í máli Magnúsar gegn íslenska ríkinu verður kveðinn upp þann 14. nóvember næstkomandi.

nadine@frettabladid.is

## Minnst sextán látnir í flóðum í Frakklandi

Gríðarleg rigning í Frakklandi hefur orsakað mikil flóð á frönsku Rívíerunni. Minnst sextán eru látnir og mögulegt að fleiri lík finnist. Hátt í 30 þúsund heimili rafmagnslaus. Hraðbrautum lokað og lestakerfið fór úr skorðum.

**FRAKKLAND** Að minnsta kosti sextán eru látnir og þriggja er saknað eftir mikil flóð og storma sem geislað hafa á frönsku Rívíerunni síðan á laugardag.

Gríðarlegt magn af vatni flæddi um borgirnar Antibes, Cannes, Nice og svæði þar í kring. Í kjölfar flóðanna hafa lestarstöðvar og undirgöng fyllst af vatni og yfirgefnir bílar standa á götum borga og bæja á svæðinu.

Þrjú eldri borgarar eru á meðal þeirra látnu en flóð skall á elliheimili í borginni Biot þar sem þeir voru búsettir en borgin er í rúmlega sjö kílómetra fjarlægð frá Antibes.

Að minnsta kosti sjö manns drukkuðu þegar flóðið lokaði þá inni í bílum sínum í bílastæðahúsum og undirgöngum að sögn björgunarveita í Mandelieu-la Napoule. Henri Leroy, bæjarstjóri sveitarfélagsins, sagði að hugsanlega ættu fleiri lík eftir að finnst.

Þá drukkuðu þrjú þegar bílar þeirra festust í göngum nálægt Vallauris Golfe-Juan. Kona á sextugsaldri er sögð hafa druknað á götum borgarinnar Cannes þegar stormurinn skall á borginni á laugardag og sagði borgarstjóri Cannes, Davis Lisnard, að dæmi væru um að bílar á götum borgarinnar hefðu runnið út í sjó í kjölfar mikils vatns á götunum.

Rigningin hófst á frönsku Rívíerunni á laugardagskvöld. Samkvæmt fréttum breska ríkisútvarpsins, BBC, er talið að á einungis tveimur dögum hafi rigningin í borginni Nice samsvarað tíu prósentum af meðalrigningu á ári.

Áin Brague flæddi yfir bakka sína í kjölfar rigninganna og flæddi vatn inn í nálægar borgir og bæi.



Bílar liggja eins og hráviði um götur borga og bæja á frönsku Rívíerunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**27.000** heimili urðu rafmagnslaus vegna flóðanna um helgina

» Hundruð ferðamanna leituðu skjóls á flugvellingum í Nice í fyrrinótt

Forseti Frakklands, Francois Hollande, hefur lýst atburðunum sem náttúruhamföllum á þeim svæðum sem flóðin náðu til en hann heim-sótti elliheimilið í bænum Biot í gærmorgun og hvatti íbúa til þess að fara varlega, einnig þakkaði hann björgunarfólki fyrir störf sín og sendi samúdarkveðjur til þeirra sem eiga um sárt að binda vegna atburðanna.

Samkvæmt BBC hefur helstu hraðbrautum í gegnum svæðið verið lokað, lestakerfið á svæðinu liggur niðri og leituðu hundruð túrista skjóls á flugvellingum í Nice í fyrrinótt. Um 27.000 heimili eru rafmagnslaus vegna flóðanna. gydaloo@frettabladid.is

## Almennt útboð á hlutabréfum í Símanum

Hefst í dag kl. 10.00 og lýkur miðvikudaginn 7. október kl. 16.00

### Arion banki hyggst selja 18-21% í Símanum hf.

Stærð útboðsins nemur 1.737.000.000 hlutum eða 18% hlut í félaginu og nemur söluandvirði þeirra að lágmarki 4.689,9 milljónum króna. Seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 2.026.500.000 hluti (21%) og er söluandvirði þeirra að lágmarki 5.471,55 milljónir króna. Markmið seljanda er annars vegar að útboðið geri félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði og hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, arionbanki.is

Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur eru í boði en ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

#### Tilboðsbók A

- > Hver áskrift 100.000 – 10.000.000 kr.
- > Verðbil 2,7-3,1 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B

#### Tilboðsbók B

- > Hver áskrift yfir 10.000.000 kr.
- > Lágmarksverð 2,7 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 8. október. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 13. október og stefnt að því að viðskipti geti hafist á Aðalmarkaði 15. október.

### Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins í lýsingu sem félagið hefur birt og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Lýsinguna ásamt viðauka má nálgast á vef félagsins, siminn.is/siminn/fjarfestar, á vef Arion banka, arionbanki.is, hjá Símanum að Ármúla 25 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19, Reykjavík.

### Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með útboðinu og hefur einnig ásamt Arctica Finance hf. umsjón með skráningu félagsins. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá söluaðilum þess, fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka (arionbanki.is) ásamt Arctica Finance (arctica.is), eða hjá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444-7000 og tölvupóstfangi siminn-utbod@arionbanki.is.



ARCTICA FINANCE

# Hrökklast úr starfi vegna myglusvepps

Þeir sem veikjast vegna myglusvepps á vinnustað hafa lítil sem engin réttindi þegar kemur að fjárhagstapi, heilsutjóni eða atvinnuöryggi.

Erla Björg Gunnarsdóttir  
erlabjorg@frettabladid.is



**HEILBRIGÐISMÁL** Eins og komið hefur fram í umfjöllun Fréttablaðsins síðustu daga geta rakaskemmdir og myglusveppseitrun valdið alvarlegu heilsutjóni til skemmi og lengri tíma. Þeir sem veikjast vegna rakaskemmda heima hjá sér geta sjálfir brugðist við. En þeir sem veikjast vegna rakaskemmda á vinnustað og mæta ekki

skilningi atvinnurekenda þurfa að velja á milli starfsins og heilsunnar. Þótt atvinnurekendur taki málin föstum tökum er ferlið svo langt og óskipulagt að hætta er á að fólk hrökklist hvort eð er úr vinnu og geti átt erfitt með að eiga afturkvæmt á vinnumarkað. Kostnaðurinn er á herðum fólksins sjálfs; læknaheimsóknir, lyf, veikindaréttur skerðist, atvinnuöryggi er ógnað og heilsan verður aldrei söm. Til að fá bætur þarf að fara í einkamála þar sem sveppaveikindi eru ekki skilgreind sem atvinnusjúkdómur á Íslandi.

**Polendur myglusvepps sem hafa orðið veikir á vinnustað**

**40%** **20%** **10%** **20%** **10%**

áttu ekki afturkvæmt til starfa á sama vinnustað

fóru í launað veikindaleyfi

fóru í ólaunuð veikindaleyfi

eru enn veik i vinnunni

áttu ekki afturkvæmt á vinnumarkað

Leikskólar, þjónustumiðstöðvar, endurhæfingarstöð, líkamræktarstöð, grunnskólar og skrifstofur á vegum ríkis og sveitarfélaga eru meðal þeirra staða sem nefndir eru. Fjórir höfðu lent í veikindum á fleiri en einum vinnustað.

\*Opin órekanleg könnun á Facebook og einkaskilaboð til blaðamanns. Svör riflega fjórutíu manns sem höfðu orðið veik á vinnustað voru notuð.



Petra segir óvissuna um vinnuþátttöku sína vera versta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Er að truflast á því að vera föst heima í veikindaleyfi

Petra Eiríksdóttir hóf störf á nýjum vinnustað árið 2012 og varð fljótt ólík sjálfri sér.

„Ég var týpan sem aldrei var þreytt, stundaði nokkrar vinnur, hafði endalausa orku og fannst svefn vera óþarfi. En eftir marga mánaða vanliðan og endalausa þrautagöngu í leit minni að svörum hvers vegna heilsu minni hafði hrakað uppgötva ég að ég er orðin sjúklingur – alltaf þreytt, skelfileg liðan og með óbærilegt exem.“

Veikindin tengdi Petra við vinnustaðinn þar sem henni skánaði alltaf í fríum. Þá fór Petra í veikindaleyfi en hún var orðin svo langt leidd að það var ekki nóg að fara úr mygluástaðum.

„Ég endaði á spítala og var göngu-deildarsjúklingur þar til í júní síðastliðnum. Þá var ég að verða sjálfri mér lík og hef störf á nýjum vinnustað í ágúst síðastliðnum en þá blossa öll einkennin upp aftur. Þá áttaði ég mig á því að ég verð viðkvæm fyrir þessu út ævina og mun líklega aldrei geta verið í húsnæði með vott af rakaskemmdum.“

Nýr yfirmaður Petru sýndi henni mikinn skilning. Hún fór strax í veikindaleyfi sem dregst þó af veikindarétti hennar, jafnvel þótt hún sé aðeins veik í vinnunni. Ráðist var strax í að athuga með rakaskemmdir á vinnustaðnum – sem er grunnskóli með hundruð nemenda. Þetta var fyrir mánuði og rannsóknunum á húsnæðinu enn ólokkið. „Ef þetta væri eitthvað annað en myglusveppur tel ég að væri

**Ef það myndi kvikna í væri reykhreinsað samdægurs til þess að reykurinn hefði ekki slæm áhrif á heilsu kennara og nemenda.**

Petra Eiríksdóttir

brugðist öðruvísi við. Ef það myndi kvikna í væri reykhreinsað samdægurs til þess að reykurinn hefði ekki slæm áhrif á heilsu kennara og nemenda.“

Þar sem niðurstaða er ekki fengin í málinu er Petra enn heima í veikindaleyfi. Hún viðurkennir að þessi óvissa hafi tekið ansi mikið á andlegu hliðina.

„Ég var búin að hlakka til að komast aftur út á vinnumarkaðinn en þarf svo að fara strax aftur í veikindaleyfi. Ég elska að vera innan um fólk en er í hálfgerðri útlegð heima hjá mér. Það er eitt og sér að vera kippipt út úr sinni daglegu rútinu eykur vanliðan. Þrautaganan sem þessi veikindi hafa verið er eitt og óvissan um framtíðina er annað. Í öllum öðrum veikindum ætti ég afturkvæmt í vinnuna mína. Ég kæmist í kaffi til vinnufélaga í veikindaleyfinu og ég gæti hlakkað til að hefja störf aftur. En nú er allt svo óvist. Kemst ég aftur í vinnuna? Verð ég aftur veik? Hvað gerist þá – vill einhver ráða mig ef ég kem alltaf upp um rakaskemmdir og rándýrar framkvæmdir fylgja í kjölfarið?“

## Myglan grasseraði á BUGL í tíu ár

„Við erum fjórar sem erum frá vinnu á BUGL þessa dagana vegna myglu,“ segir Rósa Steinsdóttir listmeðferðarfræðingur. Hún veiktist fyrst fyrir tíu árum vegna myglunnar.

„Ég var að vinna í kjallaranum í gömlu byggingunni og varð mjög lasin. Þegar ég tengdi veikindin við myglu bað ég um launalaust leyfi. Ég var frá vinnu í eitt og hálf ár. Á þessum tíma var lítil þekking og umræða um myglusvepp og enginn möguleiki að fá skrifað upp á veikindaleyfi.“

Vinnuaðstaða Rósu í kjallaranum var gerð upp í kjölfarið. Engin sýni voru tekin heldur eingöngu málað yfir skemmdirnar. Svo í mars síðastliðnum, tíu árum síðar, þegar farið var að kanna kjallarann greindust átta tegundir af myglusvepp.

„Ég sneri aftur til vinnu árið 2007 en fékk nýja vinnuaðstöðu. Það gekk vel þar til núna í vor, þá fóru einkennin að koma aftur.“

Hvernig var tekið á því? „Í þetta skipti var hlustað á mig. En það var ekkert afgerandi gert í því strax. Í ljós kom að fleiri voru að veikjast og loksins var kallað til fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í þessu. En ég hef verið frá vinnu frá því í júní.“

Rósa er enn að eiga við afleiðingar af myglusveppnum þótt erfiðustu einkennin hafi gengið til baka. „Ég fæ enn endurtekningar sýkingar í



Rósa hefur borgað hundruð þúsunda í tannlæknakostnað úr eigin vasa.

**Ég reyndi að fá stéttarfélagið mitt til liðs við mig en það gat lítið gert þar sem þetta svið er illa kortlagt.**

Rósa Steinsdóttir

nefhol og ég er mun viðkvæmari fyrir sýkingum, til dæmis í munni. Tannlæknakostnaðurinn vegna þess er mikill undanfarin tíu ár og það hef

ég greitt úr eigin vasa. Ég reyndi að fá stéttarfélagið mitt til liðs við mig en það gat lítið gert þar sem þetta svið er illa kortlagt.“

Rósa segir það hafa verið erfitt að mæta úrræðaleyfinu fyrir tíu árum.

„Það hefur orðið bylting á þessu sviði en það þarf að gera betur. Vekja áhuga fleiri vísindamanna á þessu fyrirbæri og ferlið þegar myglusveppur finnst þarf að ganga hraðar. Það er ekki í lagi að veikindi, sem orsakast af aðstæðum á vinnustað og þú þarft mögulega að eiga við það sem eftir er, skerði veikindaréttinn.“

## Vandanum er sópað undir teppi

Arndís Kjartansdóttir var að vinna í átta ár í tölvudeild Hafnarfjarðarbæjar. Hún var stöðugt með sveppaeinkenni í fjögur ár af þeim tíma.

„Myglusveppurinn uppgötvaðist ekki fyrir en síðastliðið haust en þá var ég nýhætt að vinna þarna. Hafnarfjarðarbær átti mjög erfitt með að taka við fréttunum og engin áætlun var til staðar um hvernig ætti að bregðast við. Starfsmenn voru að lokum sendir í lækniáskóðun hjá trúnaðarlækni en hann skiladi engum niðurstöðum fyrir en búin var að ganga hart að honum í sjó mánuði.“

Arndís segir þrettán manns hafa unnið í húsinu og telur hún að um helmingur hafi fundið fyrir einkennum. Hún segir viðhaldi á húsnæði ábótavant og Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að viðgerðum sé ekki enn lokið. Fólk vinnur samt enn í húsnæðinu.

„Það eru greinilega engir ferlar til að fara eftir þegar svona kemur upp. Ég

**Hafnarfjarðarbær átti mjög erfitt með að taka við fréttunum og engin áætlun var til staðar um hvernig ætti að bregðast við.**

Arndís Kjartansdóttir

held það sé allt of algengt að lítið sé gert úr málinu og reynt að þagga það niður. Kannski upplifa vinnuveitendur skömm í kringum þetta. Svo flækir málið að aðeins hluti starfsmanna finnur fyrir einkennum og vinnuveitandi getur gert þannig lítið úr vandanum.“

Arndís situr uppi með viðvarandi veikindi. „Fyrir utan fjárhagslegt og líkamlegt tjón þá hugsa ég stundum hvað hefði gerst ef ég hefði ekki hætt. Ég hefði ekki viljað fara aftur í húsnæðið. Ég hefði þurft að velja á milli starfsins og heilsunnar.“



Arndís segir að það verði að búa til feril sem atvinnurekendur fara eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Myglueitrun ekki viðurkenndur atvinnusjúkdómur

Eina leiðin til að fá bættan fjárhagslegan skaða, heilsutjón og skerðingu á lífsgæðum sem verður vegna myglusveppseitrunar á vinnustað er að fara í skaðabótamál við atvinnurekanda. Fólk þarf að greiða málskostnaðinn sjálf.

Þetta staðfestir Viðir Kristjánsson, deildarstjóri efna- og hollustuhátta-deildar hjá Vinnueftirlitinu. „Vegna þess hve erfitt er að sanna samband á milli veikinda og myglusvepps

þau. Ferlið er ansi langt.“

En eru starfsmenn settir í hættu á meðan? Til dæmis á BUGL?

„Þar eru um mistök að ræða. Bæði var seint tilkynnt til vinnueftirlitsins og mistök voru gerð hjá okkur þegar farið var í húsið í fyrsta skipti.“

Er gert of lítið úr þessum málum?

Er þetta tiskubóla? „Þetta er engin bóla heldur raunverulegt vandamál. Mögulega var tekið of létt á þessu áður fyrir en það er öðruvísi í dag.“

**Það er erfitt að fá vottorð frá læknum sem staðfesta óyggjandi tengsl. Án veikindavottorðs er lítið hægt að gera í málinu.**

Viðir Kristjánsson, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu



**Skatt.is**  
bókhald & skil

**Parftu aðstoð við gerð ársreiknings?**

Cand.oecon, viðskiptafræðingur í reikningsskilum hjá www.skatt.is  
S. 661 3703, skatt@skatt.is

**Skatt - bókhald&skil ehf**



# SAMSUNG

## Samsung með 24 af 25 bestu sjónvörpunum í gæðakönnun Neytendablaðsins\*

Viðskiptablaðið fjallar um gæðakönnun Neytendablaðsins á sjónvörpum á íslenskum markaði, 24. september sl.

Í könnuninni er tækjunum gefin einkunn fyrir myndgæði, hljóðgæði, tengingar, orkunotkun, þægindi í notkun og ofl.

Í niðurstöðunum kemur fram að Samsung sjónvörpin eru talin besti kostur í 24 tækjum af 25, í stærðum 47" til 55".

Með stolti bjóðum við því uppá bestu sjónvörpin og vonum að niðurstöðurnar hjálpi fólki að gera upp hug sinn við sjónvarpskaupin.



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



ANNAÐ



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG

\* <http://vb.is/frettir/samsung-med-mikla-yfirburdi-i-gaedakonnun-neytendablaðsins/121050/>



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · [ormsson.is](http://ormsson.is)

**SAMSUNG**  
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ISAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------

# Ástand heimsins

1



2



3



1. Vonskuveður olli bæði manntjóni og gríðarlegum eignaskemmdum á frönsku Rivierunni í gær. Hér má sjá fólk ganga fram hjá bílum sem var hreinlega staflað hverjum ofan á annan svo þeir skemmdust ekki í vatnsflaumnum. NORDICPHOTOS/AFP

2. Frans páfi leiðir messu í Péturskirkjunni í Vatikaninu. Með messunni opnaði páfinn fund biskupa þar sem rætt verður um afstöðu kirkjunnar gagnvart samkynhneigð. Mikill spenna hefur ríkt innan katólsku kirkjunnar eftir að hátt settur prestur kom út úr skápnunum og sakaði Vatíkanið um „hommafælni“. NORDICPHOTOS/AFP

3. Ísraelskur hermaður stendur vaktina á götu á Vesturbakkanum. Ísraelsher leitaði um helgina manns úr röðum Hamas-samtakanna sem er grunaður um að hafa ráðið ísraelskt par af dögum. Párið var skotið til bana í viðurvist barna sinna. NORDICPHOTOS/AFP

4. Jemenskar konur mótmæltu í gær ríkisstjórninni fyrir framan húsnæði Sameinuðu þjóðanna í Sanaa, höfuðborg Jemens. NORDICPHOTOS/AFP

5. Októberfest fer nú fram í München í Þýskalandi og var fjöldi fólks saman kominn þar í gær til þess að kynna sér hvað þar fer fram. NORDICPHOTOS/AFP

4



5



## TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" 8 - 32mm  
Skrall  
Framlengingar  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2801

**8.900** m/vsk

Fullt verð 12.258



**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm  
1/2" 10 - 32 mm  
Bitar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI94R

**15.900** m/vsk

Fullt verð 22.663



7 SKÚFFUR

SÁ VINSÆLI

**283 verkfæri 177.750** m/vsk



## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm  
Toppar, lykklar, skrúfjárn, töng  
Nippilyklar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**21.900** m/vsk

Fullt verð 30.263



**TILBOÐ**



8 SKÚFFUR

SÁ RISASTÓRI

**360 verkfæri 286.435** m/vsk



## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"  
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"  
Lyklar 8 - 22 mm  
E toppar, sexkantbitar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**26.900** m/vsk

Fullt verð 38.048



## TOPP, OG BITASETT 41 STK

Skrall 1/4" - 36 tennur  
Toppar 4 - 14 mm  
Torxbitar  
Sexkantsbitar og fl.

vnr IBTGCAI4101

**5.900** m/vsk

Okkar besta verð



## TOPPASETT 17 STK



**3.900** m/vsk

## BITASETT 31 STK



**1.290** m/vsk

## SNITTSETT 40 STK



**7.900** m/vsk



**NÝ VERSLUN**  
Skútuvogi 1, Reykjavík



**3.900** m/vsk

**16.900** m/vsk

**8.900** m/vsk

# Búskapur er afstætt hugtak



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Enn á ný ratar íslenskur svinabúskapur í fréttirnar og því miður er það ekki tilkomið af góðu. Fyrir ríflega ári birtust af því fréttir að enn stunduðu einhverjir svinabændur geldingar á svinum án deyfingar. Af því tilefni var haft eftir Herði Harðarsyni, formanni Svinaréktarfélagi Íslands, að „sársauki geti verið afstætt hugtak“. Það er þó hæpið að þetta afstæði hafi verið ofarlega í huga þeirra grísa sem urðu fyrir kvalræðinu. Hið sama gildir um þær skepnur sem hafa þurft að búa við þær aðstæður sem ónefndir íslenskir svinabændur hafa boðið innan sinna búa. Kvalræðið af því að draga fram lífið við slíkar aðstæður hlýtur að vera mikið og kemur þar ekki fremur en fyrr nokkurt afstæði til bjargar.

Slíkur aðbúnaður, eins og birtist í skýrslu Matvælastofnunar fyrir skömmu, er í senn áfall fyrir bændur, neytendur sem og alla þá sem láta sig varða dýravernd á Íslandi. Á meðan ekki einn einasti bóndi kannast við það versta sem þar birtist, eru öll íslensk svinabú undir grun um að standa að baki slíku dýraníði sem yfirdýralæknir Matvælastofnunar hefur staðfest að eigi sér stað. Slík staða er auðvitað óásættanleg með öllu.

En í skjóli laga og reglugerða er útilokað með öllu að fá staðfest á hvaða búum svo dapurlega er staðið að málum. Það er hins vegar hægt að fá það staðfest að ítrekað eru veittir frestir til úrbóta. Frestir á fresti ofan á meðan málin þokast til betri vegar, að sögn Sigurborgar Daðadóttur, yfirdýralæknis Matvælastofnunar, en eru þó greinilega allt annað en í lagi. Ástæðuna fyrir hægaganginum má eflaust rekja til þess að fjárhagslegir hagsmunir þeirra sem að búunum standa eru teknir fram yfir hagsmuni dýranna sem eru ræktað við skelfilegar aðstæður.

Hugmyndir Sigurðar Inga Jóhannssonar landbúnaðarráðherra um að styrkja skussana til endurbóta með opinberum fjárfraumlögum, þ.e.a.s. láta skattgreiðendur splæsa í að koma þessu í lag, staðfesta þennan hugsunarhátt. Fjárhagslegir hagsmunir skuli settir í fyrsta sæti á kostnað skattgreiðenda, neytenda og væntanlega þeirra bænda sem standa sómasamlega að rekstri sinna búa. Það hefur reyndar stundum þvælst fyrir íslenskum ráðherrum ákveðin togstreita á milli þess að vinna að hagsmunum stakra aðila fremur en heildarhagsmunum er varða málaflökkin. Slíkt væri engin nýlunda.

Vilji ráðherra bæta stöðuna þá er ýmislegt til ráða og þar skal fyrst nefna upprunamerkingar á landbúnaðarafurðum og aukna möguleika á lifrænni ræktun. Þannig gefst neytendum þess kostur að stýra sinna neyslu í samræmi við þann búskap sem er rekinn á hverju búi fyrir sig. Því eins og staðan er í dag, þar sem ekki einu einasta búi hefur verið lokað þrátt fyrir herfilegan aðbúnað, þá er ljóst að neytendur hafa aðeins eitt úrræði og það er að sniðganga afurðir svinabúanna. Slíkt úrræði er neyðarúrræði sem er þó viðbúið að neytendur grípi til á meðan staðan er þannig að svinabúskapur á Íslandi er greinilega afstæður þar sem sumir halda bú en aðrir reka kjötverksmiðjur af verstu tegund.



Ástæðuna fyrir hægaganginum má eflaust rekja til þess að fjárhagslegir hagsmunir þeirra sem að búunum standa eru teknir fram yfir hagsmuni dýranna sem eru ræktað við skelfilegar aðstæður.

Halldór



## Frá degi til dags

Ólöf ósammála Hæstarétti Hæstiréttur staðfesti í síðustu viku úrskurð Útlendingastofnunar um að senda tvo hælisleitendur til Ítalíu þar sem þeir hafa lagt inn hælissókn. Þetta skýtur skökku við þar sem Ólöf Nordal innanríkisráðherra lýsti ólíkri stefnu í svari við spurningu Steinunnar Þóru Árnadóttur á Alþingi þann 17. september. „Það er rétt sem kom fram hjá hæstvirtum þingmanni að Íslendingar senda ekki hælisleitendur til baka til Grikklands nú um stundir. Grikkland er ekki talið öruggt land. Það á einnig við um Ítalíu og Ungverjaland, þau eru til viðbótar ekki talin örugg lönd. Það er ekki óhætt að senda fólk til baka þangað,“ sagði Ólöf.

**Tækifæri til úrbóta**  
Málið er hið undarlegasta þar sem stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að létta undir með ríkjum eins og Ítalíu og Grikklandi með því að taka á móti flóttafólki. Á sama tíma eru tveir menn sendir aftur til Ítalíu. Það er mál manna að málaflökkr hælisleitenda hafi ekki verið upp á marga fiska hér á landi en niðurstaða Hæstaréttar vakti mikla gremju meðal almennings. Nú er lag fyrir innanríkisráðherra að fylgja eftir orðum sínum á Alþingi og bæta hag hælisleitenda.  
stefanrafn@frettabladid.is

## Menntun réttur allra en ekki fárra útvaldra



Þóroddur Hjaltsted  
formaður KÍ



Aðalheiður Steingrimsdóttir  
varaformaður KÍ



**Kennarar gegna meginhlutverki í því að vinna að réttlátu samfélagi í öllum heiminum.**

Alþjóðadagur kennara er haldinn hátiðlegur um heim allan 5. október ár hvert.

Til dagsins var stofnað að frumkvæði UNESCO og Alþjóðasamtaka kennara (Education International) árið 1994. Markmiðið með deginum er að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem kennarar inna af hendi á hverjum degi fyrir einstaklinga og samfélög og lykilmhverfi kennara í gæðamenntun komandi kynslóða. Um 30 milljón kennarar í 171 landi tilheyra Alþjóðasamtökum kennara.

Á Alþjóðadegi kennara í ár munu Alþjóðasamtök kennara, alþjóðastofnanir og þjóðarleiðtogar koma saman til að vekja athygli á markmiðum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett fyrir árið 2030 um sjálfbæra þróun og lykilmhverfi sem kennurum er ætlað til að þau ná fram að ganga.

Við íslenskir kennarar erum stoltir af því að tilheyra öflugri heimshreyfingu kennara sem berst fyrir sjálfbæru samfélagi, friði og réttlæti.

Hlutverk kennara hefur aldrei verið eins mikilvægt og nú í að byggja upp sjálfbært samfélag en stór liður í því er gæðamenntun fyrir alla, jöfn tækifæri til menntunar og vel menntaðir einstaklingar. Menntun er réttur allra en ekki fárra útvaldra. Kennarar gegna meginhlutverki í því að vinna að réttlátu samfélagi í öllum heiminum.

Styðja þarf markvisst við kennara til að ná þessu markmiði. Sífellt fleiri gera sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem kennarar hafa í menntun barna og þætti kennara í að gera ungu fólk kleift að verða virkir þátttakendur í samfélaginu.

Til að vinna að samfélagslegum jöfnuði þurfa kennarar að vera vel menntaðir, kennarastarfið þarf að vera metið að verðleikum og eftirsóknarvert fyrir ungt fólk. Kennarar þurfa að búa við góð starfskilyrði og vinnuumhverfi. Kennarar eru sérfræðingar í námi og kennslu. Virða ber faglegt sjálfstæði kennara og treysta skal fagmennsku þeirra.

Stjórnvöld þurfa að leggja sig fram við að eiga samstarf og samræður við kennara og samtök þeirra og móta stefnu og aðgerðir um mikilvægi kennarastarfsins fyrir samfélagið.

Kennarar – til hamingju með daginn!

TEMPUR®

CLASSIC COMFORT KODDAR



Hentar nær öllum svefnstillingum

FÁANLEGUR MJÚKUR, MEDIUM OG STÍFUR



TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN

Sígild lögun þessa kotta veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstillingum. Fáanlegur mjúkur, medium og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

Verð kr. 19.900

www.betrabak.is



Í DAG

# Erkisögur Íslendingansins



Guðmundur  
Andri Thorsson  
rithöfundur

Ég var um daginn að blaða í ágætu greinasafni sem hafði að geyma uppgjör ýmissa félagsvísindamanna við Hrunið og oflætistímanna þar á undan, þegar nýútskrifað fólk úr viðskiptadeildum háskólanna fór um heiminn og hélt að það væri afkomendur „víkinga“, og ætti því að æla á milli rétta á finum veitingahúsum, sofna í helstu óperuhúsum heims, aldrei halda fundi og taka ákvarðanir um milljarðatugi króna án þess að ráðgast við nokkurn mann, allra síst sjálfan sig. Félagsvísindamennirnir töluðu í þessu sambandi um hugmyndafræði Íslendingasagnanna sem hefðu fyllt þessa krakka af þessum milikmennskuórum. En þær eru ekkert svona.

Hér er skyndikúrs í Íslendingasögnum handa komandi útrásarvíkingum (þetta er víst að bresta á aftur) og félagsvísindamönnum.

## Sögur um oflæti

Íslendingasögurnar fjalla alls ekki um það hvað Íslendingar séu fullkomnir heldur hitt hversu ófullkomnir þeir séu. Þær enda til dæmis alltaf með ósigri (karl) hetjunnar, en það gerir þessar sögur í rauninni ekki að tragedíum því að allir eru dauðfegnir að losna við þessa ofstopamenn; meira að segja Egill Skallagrímsson sem af öllum mótherjum sínum ber má um síðir þola það óhetjulegasta ástand sem hugsast getur: að verða gamalmenni.

Þetta eru erkisögur um Íslendinga. Þær greina frá ættardeilum, landnámi og héraðsuppbyggingu, mannvígum, ástum og örlögum, fólki sem stríðir við skapgerðarþresti og reynir að lifa með sæmd. Þær segja frá orðheppni og orðseinheppni og

orðabölvun. Þær segja frá völdum, lagarefjum, kaupskap, misnotkun, hefndum, sáttum, vináttu, rögi, misskilningi, heigulskap, gæfuleysi og gjörvileik og já, hetjuskap en þó umfram allt: oflæti. Þær er fullt af alls konar fólki. Persónur eru þar samsettastar og við sjáum þær í athöfn, þær eru leiddar fram í verkum sínum og tilsvörum, útliti, fasi og jafnvel játningum sem að visu eru sveipaðar dul í flóknum vísnum, eins og nútímaljóð. Íslendingasögur eru nútímaskáldsögur og við sjáum persónur þeirra daglega á götu.

Eru þetta hetjubókmenntir? Þær koma stundum við sögu náungar – löngu horfnir þegar sögurnar eru skráðar – sem gerðust mála-liðar (soldið eins og atvinnumenn í fótbolta) og stóðu í mannvígum erlendis og jafnvel hér heima líka, með hörmulegum afleiðingum. Eigum við að dást að þeim? Við skulum segja frekar að saga þeirra þykir þess verð að hún sé sögð.


## Ekki fegrun, heldur stækkun

Sögurnar eru einhvers konar sambland af godsögum og raunsæisbókmenntum. Íslendingasögurnar rekja með öðrum orðum af ískaldri nákvæmni og umtalsverðri kaldhæðni deilur og vandræði sem hljóttast af stolti á villigötum. Þær segja sem sé frá oflæti. Þær segja frá fólki sem linnir ekki látum fyrr en það hefur tekist á hendur það sem því er ofviða; sem er eina skilgreiningin á Íslenska draumnum sem hægt er að aðhyllast. Síðvilt skáld og nýríkir afglappar, glúrin gamalmenni og spilltir höfðingjar eru áberandi; og konur sem hika ekki við að senda menn til mannvíga til að standa vörð um hefndarskyldu og sæmd eða vegna ástar á þeim sem þær láta drepa. Sumar sögur segja frá hálfgerðum afglöpum sem eru ófærir um að taka þátt í daglegu lífi fólks og samfélaginu vegna þess að þeir eru á valdi hugmynda sem ætadar eru úr allt öðrum kringumstæðum, sem kannski voru aldrei til nema sem skáldskapur, donkíkótar.

Þetta eru sögulegir menn, það tekur því að segja frá þeim en guð hjálpi þeim sem ætlar að taka þá sér til eftirbreytni.

Grettir Ásmundarson er ein slík hetja, Þorgeir og Þormóður, Kormákur, Hallfredur vandræðaskáld, Egill skalli, Gunnlaugur ormsunga og Hrafn, Björn Hítðælakappi ... Meira að segja títtnefndur Gunnar á Hlíðarenda sem nú er mikil tíska að álása, en er alltaf að reyna að vera góður, spyr Kolskegg bróður sinn „hvort eg mun því óvaskari maður en aðrir menn sem mér þykir meira fyrir en öðrum mönnum að vege menn“. Og langar bara að kvænast mesta kvenkosti landsins og sitja í sæmd sinni. Það verður spennandi að sjá hvernig Njála verður sviðsett í Borgarleikhúsinu nú í vetur en sagan um Gunnar og Hallgerði er kannski ekki flókin. Kannski fjallar hún um það sama og allar íslenskar sögur sem vit er í: að fara að heiman og að koma heim. Þetta er sagan um knattspyrnumanninn sem kemur úr atvinnumennsku með áunna spennufíkn þáðan, og þyrfti að fara á reiðstjórnunarnámskeið – og fegurðardrottninguna sem hefur ógeð á karlmönnum eftir misnotkun og ofbeldi frá barnsaldri og vill komast burt héðan og inn í hetjuviddina. Gunnar vill komast inn hingað og út úr hetjuviddinni, gerast venjulegur búri. Þau mætast í gættinni á hetjuviddinni og úr verður það versta sem gat gerst að mati Njáls: Girndarráð. Saga Gunnars og Hallgerðar er ekki saga sem bundin er við tiltekið samfélag eða samfélagsaðstæður heldur klassísk ástarsaga, harmsaga, þetta er ekki saga um hetjuskap heldur klúður og gagnkvæmt ofbeldi, andlegt og líkamlegt.

Þessar sögur fjalla um að sitt sé hvað gefa eða gjörvileiki. Þær fjalla um undarlegt ástand í undarlegu landi þar sem ekki er nein lögga, bara goðar, varla guðir nema til að spauga með, naumast þing nema árleg útihátíð á Þingvöllum þar sem menn keppast við að þylja upp lög. Stundum koma þar fyrir skrytín



**Íslendingasögurnar fjalla alls ekki um það hvað Íslendingar séu fullkomnir heldur hitt hversu ófullkomnir þeir séu.**

orð eins og „slundasamlega“ og „mannfýla“ en engum er vorkunn að lesa þær fyrir það: bækur eru bara skemmtilegri þegar þær eru orð sem maður skilur ekki en getur fundið af keiminn uppi sér. Þessa sögur sækja frásagnir og frásagnarmót í hetjuvöld þar sem valkyrjur kjósa goðbornum hetjum örlög. Íslendingasögur eru erkisögur um Íslendinga. Þær geyma ekki fegrun á því fólki sem fjallað er um – heldur stækkun. Það gæti forðað okkur frá öðru Hruni að fara að lesa þær aftur.

ISLENSKA SÍÐIS ICE 66192 10/13



AMERICAN EXPRESS

**Golfsettið ferðast frítt!**



Aðild að Icelandair Golfers er innifalin fyrir korthafa Premium Icelandair American Express®

+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á [www.icelandairgolfers.is](http://www.icelandairgolfers.is)



**Golfers**



Emil Pálsson var virkilega góður með Fjölni en enn betri með FH og var kjörinn sá besti í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Verð kannski seinna alvöru karl

Emil Pálsson var kjörinn besti leikmaður úrvalsdeildar karla af leikmönnum deildarinnar. Fékk verðlaunin á lokahófi FH og starði stjarfur á nöfnin sem eru á bikarnum. Fékk afarkosti frá þjálfaranum fyrir sumarið.

**FÓTBOLTI** „Þetta eru stærstu einstaklingsverðlaun sem hægt er að fá þannig að ég er bara virkilega stoltur og ánægður með þetta,“ segir Emil Pálsson, miðjumaður FH, sem var kjörinn besti leikmaður Pepsi-deildarinnar af leikmönnum deildarinnar.

Vanalega hefur tíðkast að besti leikmaðurinn fái verðlaunin í lokahófi KSÍ eða kaffibóði eins og hefur verið undanfarin ár, en að þessu sinni heimsótti knattspyrnuforystan Kaplakrika í lokahófi FH og afhenti Emil verðlaunin þar.

„Það var skemmtilegt að fá þetta fyrir framan alla FH-ingana,“ segir Emil. „Ég vissi ekki af þessu áður en ég mætti. Það var verið að afhenda verðlaun innan FH og nýbúið að velja Davíð Þór bestan hjá okkur sem var klárlega verðskuldað. Svo kom fólk frá KSÍ og tilkynnti þetta.“

### Gott fyrir alla

Hann þakkar fyrirliðanum, Davíð Þór, að stórum hluta fyrir velgengni sína eftir að hann kom aftur í FH eftir að vera á láni hjá Fjölni. Emil var frábær í liði Fjölnis og átti þátt í sterkum fyrri hluta móts Grafarvogslíðsins. Þegar hann kom aftur heim í FH fór

hann á flug og skoraði sex mörk í tólf leikjum.

„Davíð Þór hjálpaði mér virkilega mikið. Það gerir mann að betri leikmanni að spila með svona leiðtoga inni á miðjunni,“ segir Emil, en hjá Fjölni var hann einnig með annan leiðtoga og fyrrverandi FH-ing, Ólaf Pál Snorrason, með sér á miðjunni.

„Óli Palli er algjör topp maður og hjálpaði mér virkilega mikið. Hann sagði við mig þegar ég var að taka ákvörðunina um að koma að ég þyrfti að breyta um umhverfi og fá að spila.“ Emil var svona enn að átta sig á viðurkenningunni þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. Hann var þá líka að fagna 3-0 stöðu sinna manna í Arsenal gegn Man. United. Ekki ama- leg helgi.

„Ég er ekki enn þá búinn að átta mig á þessu. Áður en tímabilið byrjaði óraði mig ekki fyrir því að ég gæti verið valinn bestur í deildinni. Þegar ég fékk bikarinn í gær skoðaði ég nöfnin á listanum og sá nöfnin á mönnum sem eru á bikarnum. Þetta eru alvöru karlar og maður er bara hræður að vera á sama lista,“ segir Emil, en er hann þá orðinn alvöru karl? Hann hlær. „Ég er ekki

### Unnu meira með Emil

#### EMIL MEÐ FJÖLNI 9 LEIKIR 1 MARK

Með Emil	<b>5 sigrar</b>	<b>2 jafntefli</b>	<b>2 töp</b>
Án Emils	<b>4 sigrar</b>	<b>4 jafntefli</b>	<b>2 töp</b>

#### EMIL MEÐ FH: 12 LEIKIR 6 MÖRK

Með Emil:	<b>8 sigrar</b>	<b>1 jafntefli</b>	<b>3 töp</b>
Án Emils:	<b>7 sigrar</b>	<b>2 jafntefli</b>	<b>1 töp</b>

orðinn það, en kannski verð ég alvöru karl.“

Emil er fyrsti leikmaðurinn í sögunni síðan KSÍ hóf að útnefna besta leikmann efstu deildar sem spilar fyrir tvö félög sama árið. Það er ósköp eðlilegt að það hafi ekki gerst áður þar sem leikmenn sem líklegir eru til slíkra afreka eru almennt ekki lánaðir frá sínum liðum.

### Atvinnumennskan heillar

„Það hvarflaði alveg að mér að þetta væri búíð spil hjá FH. Ég fékk úrslitakosti frá Heimi þjálfara eftir að spila fjögur frekar venjuleg tímabil í röð. Nú þyrfti ég að stiga upp. Mér gekk vel í æfingaferðinni þar sem ég skoraði sigurmark gegn Molde en eftir leik í Lengjubikarnum gegn Fylki spurði

Heimir hvort ég vildi fara á lán,“ segir Emil og heldur áfram:

„Ég hugsaði alveg: „Shit, ætli þetta sé búíð hjá mér?“ Það kom alveg upp í hugann. Hvernig þetta fór svo er algjör draumur og auðvitað gaman að standa uppi sem meistari líka með þessu frábæra liði,“ segir Emil.

En hvað næst? Vill hann taka annað ár sem lykilmáður í ríkjandi meistara- liði eða heillar atvinnumennskan?

„Ég er með samning við FH til 2017 og það eru virkilega spennandi tímar framundan hér. Það væri gaman að ná öðru góðu tímabili og það myndi auðvitað hjálpa mér mikið, en ef eitthvað spennandi kemur upp erlendis væri ég til í að skoða það. Það er eðli fótboltamannsins,“ segir Emil Pálsson. [tomas@365.is](mailto:tomas@365.is)

### Nýjast

#### Enska úrvalsdeildin

Crystal P.	2-0	WBA
Bournemouth	1-1	Watford
Aston Villa	0-1	Stoke
Man. City	6-1	Newcastle
Norwich	1-2	Leicester
Chelsea	1-3	Southampton
Everton	1-1	Liverpool
Arsenal	3-0	Man. Utd
Swansea	2-2	Tottenham

Efst		Neðst	
Man. City	18	Chelsea	8
Arsenal	16	WBA	8
Man. Utd.	16	Aston Villa	4
C. Palace	15	Sunderland	3
Leicester	15	Newcastle	3

### Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór átti þriðju síðustu sendinguna í fyrsta marki Swansea sem gerði 2-2 jafntefli við hans gömlu félagi í Tottenham. Honum var skipt af velli þegar rúmar tíu mínútur voru eftir.

**Stærstu úrslitin** Arsenal vann auðveldan 3-0 sigur á Manchester United í stórleik helgarinnar. Það var ekki bara gott fyrir Arsenal að svara fyrir tapið gegn Olympiacos heldur komst það



upp að hlíð og yfir Manchester United á markatölu í staðinn fyrir að missa Utd þrjú stig fram úr sér. **Metjan** Sergio Agüero hélt sýningu á móti Newcastle í 6-1 stórsigri liðsins og skoraði fjögur mörk. Argentínumaðurinn var algjörlega óstöðvandi og fíflaði Newcastle-vörninna hvað eftir annað. Mögnuð frammistaði hjá Agüero.

**Kom á óvart** Miðað við stöðu Chelsea kom sigur Southampton ekkert svo á óvart. Dýrlingarnir rúlluðu samt sem áður til Lundúna og pökkuðu meisturunum saman á þeirra heimavelli eftir að lenda undir.

### Það eru slæmar fréttir að Rogers hafi verið rekinn. Nú ris Liverpool á fætur.

Einar Guðnason  
[@EinarGudna](https://twitter.com/EinarGudna)

**KEPPNI LOKIÐ Í ÞÝSKALANDI** Spennan ætla ekki að verða mikil í þýsku 1. deildinni þetta tímabilið frekar en í fyrra. Bayern München vann 5-1 sigur í uppgjör tveggja efstu liðanna í gær og eru með sjö stiga forskot eftir átta umferðir. Robert Lewandowski skoraði tvö mörk. Það gera 12 mörk í fjórum leikjum



## Garðar manna mikilvægastur á Skaganum

**FÓTBOLTI** Garðar Gunnlaugsson, framherji ÍA, náði sér í bronsskóinn á lokadegi Pepsi-deildarinnar með því að skora eitt mark í 2-1 sigri Skagamanna gegn ÍBV. Garðar skoraði í heildina níu mörk í 17 leikjum og hirti bronsskóinn af Steven Lennon, FH, á færi leikjum spiluðum.

Garðar hefur tvisvar áður þyrfti að sætta sig við fjórða sætið en fékk um helgina sinn fyrsta markaskó. Þetta er jafnframt fyrsti markaskórinn sem Skagamenn fá síðan Hjörtur Hjartarson varð markakóngur deildarinnar Íslandsmeistaraárið 2001.

Skagamenn gerðu vel í ár og enduðu mótið með 29 stig sem nýliðar. Tak-

marki þeirra var náð að halda sér í deildinni en liðið sýndi mikinn karakter allt mótið og var til að mynda það lið sem vann flest stigin eftir að lenda undir.

Það er á engan hallað í Skagalíðinu þegar fullyrst er að Garðar Gunnlaugsson er mikilvægasti leikmaður liðsins. Væri kosinn mikilvægasti leikmaður deildarinnar væri hann í harðri baráttu um þann titil.

Garðar var mikið meiddur í fyrri umferðinni og skoraði þar tvö mörk sem í heildina tryggðu liðinu fjögur stig. Sigurmark gegn Leikni og jöfnunarmark gegn Víkingi. Hann skoraði svo sjö mörk í seinni umferðinni og

halaði inn þrjú stig til viðbótar upp á sitt einsdæmi með jöfnunarmörkum gegn Stjörnunni, Víkingi aftur og Fjölni. Í heildina tryggði Garðar Skagamönnum sjö stig af 29 eða tæpan fjórðung.

Garðar skoraði í átta leikjum og þar af aðeins einum tapleik. Nánast öll mörkin voru mikilvæg og áttu þátt í að safna stigum fyrir Skagalíðið. Það sést líka á stigaförnum ÍA með og án Garðars hversu mikilvægur hann er. ÍA fékk fimm stig í fimm leikjum án hans en 24 stig í 17 leikjum með hann í liðinu. Það er kannski eins gott fyrir Skagamenn að Garðar er samningsbundinn út næsta tímabil. – **tom**

### Loksins fékk litli bróðir skó

Arnar Gunnlaugsson: 2 gull skór: 15 mörk fyrir ÍA 1992 og 1995 Bjarki Gunnlaugsson: 1 silfurskór 11 mörk fyrir KR 1999 Garðar Gunnlaugsson: 1 bronsskór 9 mörk fyrir ÍA 2015



### Í dag

21.00 Messan

## Nýjast

## Pepsi-deild karla

## Valur - Stjarnan 1-2

0-1 Jeppe Hansen (65.), 0-2 Arnar Már Björgvinsson (67.), 1-2 Emil Atlason (71.). Valsmenn spiluðu og töpuðu fyrsta leiknum með gervigrasi á Vodafone-vellinum.

## Fylkir - FH 3-2

1-0 Andrés Már Jóhannesson (12.), 2-0 Ingimundur Niels Óskarsson (25.), 2-1 Atli Viðar Björnsson (23.), 3-1 Tonci Radovinkovic (54.), 3-2 Emil Pálsson (72.). Meistararnir töpuðu síðasta leiknum sínum á mótinu en Andrés Már og Ingimundur Niels dukkan upp með sjaldséð mörk í sumar.

## Fjölnir - Breiðablik 0-2

0-1 Jonathan Glenn (20.), 0-2 Andri Rafn Yeoman (90.+3). Jonathan Glenn fékk rautt spjald og gat ekki keppt frekar um gullskóinn. Endar með silfurskóinn.

## KR - Víkingur 5-2

1-0 Óskar Örn Hauksson (5.), 2-0 Hólmbert Aron Friðjónsson (6.), 3-0 Gary Martin (38.), 3-1 Erlingur Agnarsson (45.), 3-2 Haukur Baldvinsson (47.), 4-2 Óskar Örn Hauksson (53.), 5-2 Gary Martin (61.). Víkingar unnu ekki í síðustu fimm leikjum mótsins en 17 ára strákur skoraði fyrir liðið í leiknum.

## Keflavík - Leiknir 3-2

1-0 Hörður Sveinsson (4.), 1-1 Kolbeinn Kárason (27.), 2-1 Hörður Sveinsson (35.), 3-1 Sigurbergur Elisson (83.), 3-2 Ólafur Hrannar Kristjánsson (90.). Hörður Sveinsson tvöfaldaði markafjölda sinn í leiknum og Keflavík endaði með tveggja stafa stigafjölda.

## ÍBV - ÍA 1-2

1-0 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (11.), 1-1 Garðar Gunnlaugsson (41.), 1-2 Darren Lough (49.). Skagamenn töpuðu ekki í síðustu sex leikjum sínum í Pepsi-deildinni og enda með 29 stig í 7. sæti.

Efri hlutinn	Neðri hlutinn
FH 48	ÍA 29
Breiðablik 46	Fylkir 29
KR 42	Víkingur 23
Stjarnan 33	ÍBV 19
Valur 33	Leiknir 15
Fjölnir 33	Keflavík 10

## Olís-deild karla

## Afturelding - ÍBV 21-23

Markahæstir: Böðvar Páll Ásgeirsson 6 - Theodór Sigurb./Andri Heimir 6. Eyjamenn töpuðu fyrsta leiknum á leiktíðinni en hafa síðan unnið fjóra í röð.

## Vikingur - Akureyri 21-30

Markahæstir: Hjálmar Þór Arnarsson/Jóhann R. Gunnl. 5 - Bergvín Þ. Gíslason 7. Jón Hjálmarsson, leikmaður Vikings, fékk sitt annað rauða spjald á tímabilinu en með sigrinum stökk Akureyri upp fyrir Víking.

Efri hlutinn	Neðri hlutinn
Haukar 10	FH 6
Valur 10	Fram 6
ÍBV 8	Akureyri 4
ÍR 8	Víkingur 2
Afturelding 8	Grótta 2

## Olís-deild kvenna

## ÍR - Haukar 23-31

Markahæstar: Brynhildur Kjartansdóttir 7 - María Karlsdóttir 9.

## Afturelding - Fjölnir 24-25

Markahæstar: Hekla Daðadóttir 6 - Diana Kristín Sigmarsdóttir 11.

Efri hlutinn	Neðst
ÍBV 10	Fylkir 4
Grótta 10	Fjölnir 4
Valur 8	ÍR 2
Selfoss 8	HK 2
Haukar 5	FH 2
Fram 6	KA/Þór 1
Stjarnan 6	Afturelding 0

## Of lítið fyrir mikið hjá Brendan Rodgers

**FÓTBOLTI** Brendan Rodgers, knattspyrnustjóri Liverpool í ensku úrvalsdeildinni, var í gær sagt upp störfum hjá félaginu eftir 1-1 jafntefli við Everton í Bítlaborgarslagnum á Goodison.

Rodgers er með liðið í tíunda sæti deildarinnar og hefur aðeins innbyrt tvö stig í Evrópu-deildinni, en Liverpool er búð að gera fimm sinnum 1-1 jafntefli í síðustu sex leikjum og marði Carlisle í vítaspurnukeppni í deildabikarnum á dögnum.

Rodgers var tilkynnt það, að hans starfskrafta væri ekki lengur óskað

innan við klukkustund eftir jafnteflið gegn Everton.

Rodgers er á sinni fjórðu leiktíð með Liverpool-liðið en hann var hársbreidd frá því að gera liðið að Englandsmeistara fyrir tveimur árum. Tímabilið í fyrra var ekki gott og ekki byrjar það vel núna.

Rodgers keypti leikmenn fyrir um 80 milljónir punda fyrir leiktíðina og fékk einnig mikið að eyða síðasta sumar. Mörg kaupin hafa ekki gengið upp og uppskeran hjá Norður-Íranum verði of lítil að mati eigenda liðsins. – tom



Brendan Rodgers er orðinn atvinnulaus. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## FIMMTUDAGUR 8. OKTÓBER Í HÖRPU

## Sjávarútvegsdagurinn

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



Jónas Gestur Jónasson



Rósa Guðmundsdóttir



Halveig Ólafsdóttir



Pétur Hafsteinn Pálsson



Órvar Guðni Arnarson



Karen Kjartansdóttir

## Dagskrá

## Setning

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra.

## Afkoma sjávarútvegsins 2014 og skattgreiðslur – sjávarútvegsgagnagrunnur Deloitte

Jónas Gestur Jónasson, löggiltur endurskoðandi og meðeigandi Deloitte ehf.

## Ábyrgð fyrirtækja

Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri sjávarútvegsfyrirtækisins G.Run í Grundarfirði.

## Erum við okkar gæfusmiðir? Fastar og breytur í íslenskum sjávarútvegi

Hallveig Ólafsdóttir, hagfræðingur hjá SFS.

## Ný hugsun og markaðstækifæri með nýrri tækni

Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf.

## Framtíðarsýn fyrir fjárfestingar

Órvar Guðni Arnarson, fjármálastjóri Ísfélagsins.

Fundarstjóri: Karen Kjartansdóttir, samskiptastjóri SFS.

## Sjávarútvegsdagurinn Hörpu – Silfurbergi 8. október, kl. 8.30-10

Málefni sjávarútvegsins verða rædd frá ýmsum áhugaverðum hliðum.

Verð kr. 3.900.

Morgunverður og skráning frá kl. 8.00.



Skráning á sa.is

Deloitte

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

SA

# Alltaf verið í leiðtogahlutverki

Helena Sverrisdóttir vann sinn fyrsta titil sem spilandi þjálfari Hauka er liðið vann Lengjubikar kvenna eftir stórsigur á Keflavík í úrslitaleik. Hún telur sitt lið eiga mun meira inni fyrir veturinn. Helena þjálfaði áður suma leikmenn liðsins þegar þær voru smástelpur.

**KÖRFUBOLTI** „Ég hafði á tilfinningunni allan tímann að við værum með þetta,“ segir Helena Sverrisdóttir, spilandi þjálfari Hauka í Domino's-deild kvenna í körfubolta, við Fréttablaðið um sigurinn á Keflavík, 70-47, í úrslitaleik Lengjubikarsins sem fram fór í Iðu á Selfossi um helgina.

Þetta er fyrsti titillinn sem Helena vinnur eftir að hún kom heim úr átta ára háskóladvöl og atvinnumennsku og margir telja að hann verði ekki sá síðasti. Helena var best á vellinum eins og svo oft áður með 22 stig og 10 fráköst.

„Við spiludum jafnt og þétt yfir allan leikinn en mér finnst við eiga meira inni. Það er líka eins gott enda er bara október. Við erum með stóran og flottan hóp og það er mikil samkeppni á æfingum. Við erum á réttri leið. Við höfum ekki enn átt einhvern stjórnuleik þar sem við spilum 40 mínútur af göðum körfubolta,“ segir Helena sem bendir á að liðið sé tiltölulega nýtt að vissu leyti.

„Ég vissi alltaf að það tæki okkur tíma að spila okkur saman. Við erum að spila nýjan sóknarleik sem tekur tím að læra en við erum alltaf að bæta okkur með hverjum leik. Við förum til Danmerkur á dögum sem ég tel að hafi gefið okkur mikið. Við erum eins og nýtt lið þó við þekkjumst allar frá því í gamla

daga,“ segir Helena sem hefur áður þjálfað sumar af stelpunum í liðinu.

„Ég þjálfaði þær þegar þær voru bara lillur. Ég var orðin aðstodarálfari í yngri flokkum þegar ég var tólf ára og var að þjálf þar til ég fór út. Þó Auður Rafns sé bara fjórum árum yngri en ég þjálfaði ég hana áður,“ segir Helena.

## Allt gott nema veðrið

Þessi besta körfuboltakona þjóðarinnar sinnir nú nýju hlutverki, en samhliða því að spila er hún í þriggja manna þjálfarateymi liðsins. Það hefur ekki áhrif á spilamennsku hennar, segir Helena.

„Mér finnst þetta mjög skemmtilegt. Í leikjunum stjórna Andri og Ingvar meira en ég sé kannski hluti inni á vellinum sem er erfiðara að sjá frá hliðarlínunni. En svo hef ég mjög gaman af því að skipuleggja æfingar. Ég hef líka alltaf verið í leiðtogahlutverki og talað mikið. Þetta mun bara hafa góð áhrif á mig,“ segir Helena sem fagnar því að mestu leyti að vera komin heim aftur.

„Það er alveg æðislegt að vera heima. Ég finn fyrir því mest núna því síðustu tvær vikur hefðu vanalega verið fyrstu vikurnar úti. Fyrir utan veðrið er þetta alveg frábært en ég venst því alveg eins og áður en ég fór. Ég er bara alveg ótrúlega sátt,“ segir Helena Sverrisdóttir. [tomas@365.is](mailto:tomas@365.is)



Helena Sverrisdóttir var stíghæst í úrslitaleik Lengjubikarsins þar sem Haukar unnu öruggan sigur á Keflavík í Iðu á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík..

### Reitur 1.174.0, Landsbankareitur

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 16. september 2015 og borgarráð Reykjavíkur þann 24. september 2015 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, sem afmarkast af Vitastíg, Hverfisgötu, Barónsstíg og Laugavegi. Breytingin nær til allra lóða á reitnum og umtalsverðar breytingar verða gerðar á lóðarmörkum og nýtingarhlutföllum. Markmið breytingar er að styrkja húsaveind og götumyndir eldri húsa á vesturhluta reitsins ásamt því að vernda götumynd Laugavegar í meira mæli en nú er. Samhliða því er uppbygging á randbyggð íbúðarhúsnæðis heimil á miðbiki og austari hluta reitsins umhverfis inngarða. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, frá 5. október 2015 til og með 16. nóvember 2015. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis- og skipulagssviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 16. nóvember 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 5. október 2015  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Kópavogi

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi.

### Vatnsendi - Ögurharf 4a (áður Vatnsendablettur 72). Breytt deiliskipulag.

Í breytingunni felst að núverandi lóð að Ögurharf 4a er skipt upp í 3 lóðir; núverandi lóð 4a sem minnkar og verður 3.940 m<sup>2</sup> eftir breytingu og tvær nýjar lóðir Ögurharf 4b og 4c. Aðkoma verður frá Ögurharfi. Lóðin að Ögurharfi 4b verður 1.150 m<sup>2</sup> og að Ögurharfi 4c verður 1.340 m<sup>2</sup>. Á lóðinni að Ögurharfi 4b er gert ráð fyrir fjórbýlishúsi á tveimur hæðum. Á lóðinni Ögurharfi 4c er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi með fimm íbúðum á tveimur hæðum og kjallara með innbyggðri opinni bílageymslu fyrir tvo bíla.

Hámarks flatarmál grunnflatar íbúða við Ögurharf 4b er áætlað 250 m<sup>2</sup> og hámarks byggingarmagn er um 460 m<sup>2</sup>. Hámarks flatarmál grunnflatar íbúða við Ögurharf 4c er áætlað 270 m<sup>2</sup> og hámarks byggingarmagn um 600 m<sup>2</sup>. Hestús í suðausturhluta lóðar Ögurharfs 4 b er fellt út. Skipulagssvæðið er tengt göngu- og reiðleiðum hverfisins. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum í mkv. 1:500 dags. 14. september 2015. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Ofangreind tillaga verður til sýnis á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá og með 6. október 2015. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarins, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is).**

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is) eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 17. nóvember 2015.



Kópavogsbær

Skipulagsstjóri Kópavogs

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Bikarinn góður en okkur vantar þann stóra

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan stóð uppi sem sigurvegari í Lengjubikar karla í körfubolta á laugardaginn, en bikarmeistararnir höfðu betur gegn Þór frá Þorlákshöfn, 72-58, í úrslitaleiknum sem fram fór í Iðu á Selfossi.

Í undanúrslitum vann Stjarnan nýliða FSU, 91-81, þar sem MARvin skoraði 17 stig en Justin Shouse, leikstjórnandinn magnaði, var stíghæstur Stjórnuliðsins með 24 stig. Al'lonzo Coleman, nýr kani í liði Stjórnunnar, skoraði 24 stig í undanúrslitunum og 16 stig í úrslitaleiknum auk þess sem hann tók átta fráköst.

Marvin Valdimarsson, framherji Stjórnnumanna, var næst stíghæstur í liði Stjórnunnar með 15 stig auk þess sem hann tók sex fráköst. „Við spiludum vel. Varnarleikurinn var góður og við náðum að stoppa þeirra lykilmenn algjörlega,“ segir Marvin við Fréttablaðið.

Staðan í hálfleik var 45-33 fyrir Stjórnuna sem náði að halda annars vel spilandi Þórslíði undir stjórn Einars Árna Jóhannssonar undir sextíu stigum.

### Geðugur piltur

„Sóknarleikur okkar var ekkert frábær en við náðum að riðla þeirra sóknarleik og stoppa þeirra bestu menn eins og Þorstein, Ragnar Örn og Ragga stóra auðvitað. Tómas Heiðar spilaði líka flotta vörn á Kanann þeirra,“ segir Marvin.

Tómas Heiðar Holton, sem bauð upp á skotlínuna 50/50/90 á síðustu leiktíð sem leikmaður Þórs, söðlaði um og gekk í raðir Stjórnunnar. Þar er honum ætlað að fylla í skarð Dags Kárs Jónssonar sem fór í háskóla í Bandaríkjunum.

„Maður hefur kynnst því að spila núna með Tomma, hversu þægilegt það er. Hann tekur ekki neitt frá neinum og er góður sendingamaður og auðvitað frábær skotmaður. Hann er líka bara geðugur piltur sem hefur alltaf verið lýst sem miklum liðsmanni,“ segir Marvin.

Stjarnan mætir inn í Domino's-deildina með gott lið sem er líklegt til afreka. Liðið varð bikarmeistari á síðustu leiktíð og hélt nánast öllu liðinu en bætir við sig Tómasi fyrir Dag Kár.

### Getum unnið KR

„Ég held við séum orðnir fullmannaðir. Ég allavega veit ekki betur. Þetta lið hefur styrkleika til að gera atlögu að titlinum. Við ætlum okkur allavega ekki að sætta okkur við eitt-hvert miðjumóð,“ segir Marvin sem vill vinna Íslandsmeistararitilinn.

„Við urðum bikarmeistarar og unnum þar KR sem er alltaf spáð titlinum. Við höfum sýnt undanfarin ár að við getum unnið KR. Það er búið að vera virkilega gaman að vinna bikarmeistararitilinn undanfarin ár en okkur vantar enn þann stóra,“ segir Marvin Valdimarsson. – tom





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Hættu að skræla  
Það er leiðinlegt að skræla enda  
eru skrælingar oft óþarfar  
og stundum beinlínis til  
óþurftar.  
Síða 2



## Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.  
Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

**JARN&GLER**

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900-  
[www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)



Sigurveig Káradóttir styður sig mikið við „hina heilögu þrenningu“, lauk, sellerí og gulrætur. MYND/STEFÁN

## TUDOR RAFGEYMAR

Nýir og endurbættir



### TUDOR High Tech rafgeymar.

95 Ah, 800 Amper.  
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).  
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending.  
Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.  
Mikið kaldræsipól, örugg ræsing í miklum kulda.  
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.



**TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

# SJÓÐANDI HEIT SÆLA Í SÚPUSKÁL

**SÚPUGERÐ** Haustið er tíminn fyrir súpuuppskriftir enda fátt betra á köldu haust- og vetrarkvöldi en að ylja sér við bragðgóða og heita súpu heima fyrir.

Fjölbreytileikinn í súpugerð landsmanna hefur aukist mikið undanfarin ár, samfara fjölbreyttara hráefni í matvöruverslunum og sífellt meiri mataráhuga fólks á öllum aldri. Sigurveig Káradóttir, eigandi Matarkistunnar, gaf út bókina Súpur allt árið fyrir nokkrum árum og eldar súpur reglulega, bæði vinnu sinnar vegna en einnig heima fyrir.


„Það sem heillar mig mest við súpurnar er einfaldleikinn og fjölbreytileikinn. Þær má einnig gera

deginum áður enda yfirleitt betri næsta dag. Svo er gott ráð að elda þær í stærri skömmtum, t.d. meðfram annarri eldamennsku, og frysta svo í hæfilegum skömmtum.“

Súpur þurfa ekki að vera flóknar til að bragðast vel. Sjálf styður Sigurveig sig mikið við „hina heilögu þrenningu“, lauk, sellerí og gulrætur. „Annars ættu Íslendingar endilega að prófa rófur í súpugerð og reyndar í marga aðra rétti þar sem t.d sætar karöflur koma við sögu.“

Sjálf segist hún ekki nota uppskriftir þegar hún eldar í vinnunni, heldur finni það sem henni líst best á þann daginn og úr því verður súpa. „Þær eru allar án allra dýraafurða, hveitis, sykurs og mjólkurvara þannig að allir geti notið þeirra. Súpurnar sem ég elda heima þegar von er á gestum eru matar-meiri og þá oft fiskisúpur.“

Hér gefur Sigurveig lesendum Fréttablaðsins tvær uppskriftir að einföldum og ljúffengum súpum.



FINN sófaborð kr. 62.900



HYPE stólar kr. 35.990



MINIMAL kr. 9.980

FINN TV skenkur  
120 cm kr. 68.300



FINN TV skenkur  
150 cm kr. 79.800



DIONE stóll kr. 133.500



FINN skenkur 160 cm kr. 138.700



GINA stóll kr. 19.700



CALVIN tungusófi 269X153 cm kr. 227.400


# LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - [WWW.LINAN.IS](http://WWW.LINAN.IS) - OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.  
Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi  
Vísir á barn  
börn eiga rétt á vernd og umönnun



**Gólfhitakerfi**  
Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is  
Hringás ehf.



**Fararstjórn erlendis**

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Afríka, Ameríka og Eyjaálfan.  
Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.  
Leiðbeinendur eru: Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frimannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálastólur Íslands  
Ferðamálastólur Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



**ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ**  
BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985  
GULL BYLJAN

**BROKKÓLÍSÚPA F. 2-3**

2-3 msk. ólífuolía  
120 g laukur  
50 g sellerí  
500 g brokkólí  
1 l vatn/grænmetisraftur/kjúklingakraftur  
1 lárviðarlauf  
Sjávarsalt og hvítur pipar

Brokkólístilkurinn er notaður í súpuna. Hann þarf lengri tíma og er settur í pottinn á undan brokkólíblómunum. Trénaði hluti endans er skorinn af og skrælið ysta lag stilksins af.

Laukurinn skorinn smátt og settur í pott ásamt olíunni. Látið malla á lágum hita í 5 mín. áður en smátt skornu selleríinu er bætt við. Stilkunum bætt út í ásamt vatninu. Látið malla þar til orðið vel mjúkt. Einni tsk. af sjávarsalti er bætt í pottinn og meira vatni ef þarf.

Mikilvægt er að það bullsjóði í pottinum og eins að það sé komið dálítið af salti í pottinn þegar brokkólíhausarnir fara út í. Þannig halda þeir betur litnum og súpan verður skærgræn og falleg.

Sjóðið í smá-stund eða þar til allt er orðið vel soðið í gegn. Takið frá nokkur brok-



**BROKKÓLÍ** Ljúffeng og ilmandi brokkólísúpa.

kólíblóm áður en súpan er maukuð ef þið viljið skreyta hana. Maukið allt vel, hitið upp og smakkið til með salti og pipar.

Það er gott að steikja smá beikon í pottinum áður en laukurinn er steiktur, taka það úr þegar það er stökkt og setja svo ofan á súpuna áður en hún er borin fram. Einnig má setja rifinn cheddarost, parmesan eða gráðaoast yfir súpuna þegar hún er borin fram.

**SELLERÍSÚPA, FYRIR 3-4**

4 -5 msk. ólífuolía  
300 g laukur  
700 g sellerí  
300 g kartöflur  
1,3-1,5 l grænmetisraftur/kjúklingakraftur  
3-4 lárviðarlauf  
5-6 greinar ferskt timían  
Sjávarsalt og hvítur pipar

Laukurinn skorinn smátt og settur í pott ásamt olíunni og örliðu salti. Leyft að glærast örliði áður en kraftinum er bætt út í ásamt timían og lárviðarlaufum. Karöflurnar skornar í bita og bætt út í. Þegar selleríið og kartöflur eru soðnar er slökkt undir pottinum, lárviðarlaufin og timíangreinar tekin úr og súpunni leyft að kólna aðeins áður en hún er maukuð. Hituð að nýju og smökkuð til.

**HÆTTU AÐ SKRÆLA!**

**MATUR** Skrælingar eru oft óþarfar og stundum beinlínis til óþurftar.

Það hafa allir gott af því að borða meira af grænmeti og ávöxtum. Sumum leiðist hins vegar heil ósköp að skræla, flýsja og skola áður en þeir skera og steikja eða setja í salatið. Enda er það alveg óþarfi að skræla allt sem tilheyrir grænheimum, sumt hýði er meira að segja mjög hollt fyrir okkur og inniheldur gnægð vítamína og steinefna auk hinna ómissandi trefja. Hér eru nokkrar gerðir grænmetis og ávaxta sem algjör óþarfi er að skræla.

**KARTÖFLUR**

Kartöfluhýði inniheldur tuttugu prósent af næringarefnunum í kartöflum og allar trefjarnar. Og að skræla nýjar kartöflur er beinlínis bannað. Eldri eintök má þvo og burstu fyrir suðu.

**EGGALDIN**

Dökkfjólubláa og bragðgóða hýði af eggaldini inniheldur fjölda góðra andoxunarefna sem vinna gegn öldrun og öðrum frumskemmdum.

**SÆTAR KARTÖFLUR**

Hýðið er troðfullt af næringu sem og C-vítamíni, kalíum og betakarótíni.

**AGÚRKA**

Ekki láta ykkur detta í hug að svipta gúrurnar góðum andoxunarefnum og trefjum sem meðal annars hjálpa til við blóðsykurs-tjórnun.

**GULRÆTUR**

Skolið og burstið en skrælið ei því þá fara vítamínin í vaskinn.

**EPLI**

Eplahýði er auðugt af öllum mögulegum næringar- og bætiefnum en við látum nægja að nefna quercitin, C-vítamín og þríterpenóður sem eru afar duglegar að kveða niður krabbameinstilburði í frumum líkamans.

**LEYFUM HÝÐINU AÐ HALDA SÉR**

Hýðið á grænmetinu og ávöxtunum er sneisafullt af bætiefnum, vítamínum og andoxunarefnum og því góð ástæða til að leyfa því að halda sér.



# BAÐHERBERGI

MÁNUDAGUR 5. OKTÓBER 2015

Kynningarblað Byko, Húsasmiðjan, IKEA, innlit í falleg baðherbergi.



Ásta Sigurðardóttir stílisti leiðbeinir viðskiptavinum BYKO og Örn Haraldsson sölustjóri þjónustar verktakafyrirtækin. MYND/ANTON BRINK

## Byggt á traustum grunni

Í deildinni Hólf og gólf í BYKO Breiddinni er boðið upp á breitt vöruúrval þegar kemur að baðherbergjum. Deildin byggir á traustum grunni þar sem áhersla er lögð á góða þjónustu. Sérstakur stílisti veitir viðskiptavinum ráðgjöf varðandi uppsetningu baðherbergis.

Árið 1991 opnaði BYKO fyrst deild undir nafninu Hólf & gólf í kjallaraeldri verslunarinnar í Breiddinni. Í dag er hins vegar stór og glæsileg valvörudeild undir sama gamla nafni í stórverslun BYKO í Breiddinni. BYKO hefur um áratuga bil þjónustað jafnt verktaka og heimili landsins þegar kemur að baðherbergjum.

### Örugg þjónusta

Þau skipta þúsundum, baðherbergin á heimilum landsins, sem hafa verið innréttað frá Hólfi og gólfi undanfarna áratugi enda hafa verktakar alla tíð geta fengið allt sem þarf til að fullgera baðherbergi hjá BYKO að sögn Arnar Haraldssonar, sölustjóra BYKO. „Ég hóf störf hér árið 2001 og hef því þjónustað verktaka í um fjórtán ár. Við gefum þeim tilboð í öll verk og leitum um leið tilboða fyrir þá að besta verði þegar kemur að stórum verkefnum. Það er mjög virk sam-

keppni í þessum bransa hér á landi og því þurfum við að standa okkar pligt en í krafti stærðar og styrks BYKO getum við veitt viðskiptavinum okkar ekki bara gott vöruúrval heldur líka gott verð.“

Þekkt vörumerki eru eitt aðalsmerki BYKO og þar er Hólf og gólf engin undantekning. „Helstu merkin okkar eru Grohe og Gustavsberg en auk þeirra má nefna Villeroy & Boch, Duravit, Svedbergs, Steirer, E-Stone, Krono Original, Herholz og Damixa. Flestir í verktakabransanaum þekkja þessi merki okkar enda höfum við alltaf boðið upp á góða þjónustu í kringum þau. Það skiptir t.d. miklu máli varðandi blöndunartækin að öll varahlutabjónusta sé 100%.“

Grohe er leiðandi merki í blöndunartækjum og hefur verið í boði hér á landi í nær 40 ár. „Við bjóðum upp á mjög breiða vöruúrval frá þeim, allt frá einföldum gerðum upp í hátísku hönnun. Auk þess er

Grohe stöðugt að koma fram með nýjar línur þannig að vöruúrvalið hér breytist reglulega.“

Þegar svo stórum viðskiptamannahópi er sinnt skiptir miklu máli að lagerstaðan sé góð. „Verktakar þurfa að geta gengið að vörum hér fljótt og örugglega þegar stór verkefni og mörg eru í gangi. Í krafti stærðar sinnar á BYKO yfirleitt stóran lager af algengustu gerðum og stuttur afhendingartími er einnig að jafnaði á sérpöntunum.“

### Persónuleg ráðgjöf

Heimili landsins geta valið úr fjölda innréttinga, gólfefna og blöndunartækja hjá BYKO enda má finna þar allt á einum stað fyrir baðherbergið; allt frá tannburstaglassi til sturtuklefa.

Sérstakur stílisti, Ásta Sigurðardóttir, leiðbeinir viðskiptavinum með val og samsetningar á flísum og innréttingum auk þess að veita ráðgjöf um litaval og annað sem tengist baðherberginu. „Viðskiptavinum finnst mörgum

gott að geta leitað til fagaðila þegar kemur að svona stórum ákvörðunum. Enda notfæra margir sér þjónustuna þegar stórar framkvæmdir eru fyrirhugaðar eða jafnvel einfaldar endurbætur.“

Fyrsta skrefið að sögn Ástu er gera sér grein fyrir peningum sem á að eyða í verkefnið og síðan er unnið út frá þeim upplýsingum. „Stílistinn sest niður með viðskiptavininum og þeir ræða saman hvaða stíll og litir eiga að vera á baðherberginu. Einnig skoða þeir saman rýmið og velja fyrir sé hvernig nýta megi það sem best. Saman skoða þeir svo úrvalið í sameiningu og velja flísar, innréttingar, tæki og annað sem fullbúið baðherbergi þarf að búa yfir.“

Auk Ástu starfar frábært starfsfólk hjá deildinni með áralanga reynslu sem gagnast viðskiptavinum vel við erfiðar ákvarðanir. „Við leggjum mikinn metnað í góða þjónustu enda koma viðskiptavinir okkar

margir hverjir aftur og aftur.“

Helstu vörumerki BYKO eru vönduð og þekkt fyrir góða endingu. Meðal þeirra helstu má nefna Gustavsberg, Villeroy & Boch, Grohe, Herholz-hurðir, Svedberg-innréttingar, parket frá Krono Original svo eitthvað sé nefnt.

Stöðugt er boðið upp á nýjungar í baðherbergi landsmanna og nefnir Ásta m.a. fallegar baðplötur sem þola að vera inni í sturtuklefanum og rakadrægt parket sem hentar vel á gólf baðherbergja. „Það auðveldar vinnuna við að gera upp baðherbergið. Ekki eins mikið rask og vinnan verður öll miklu hreinlegri.“

Hólf og gólf er í opnu og vel hönnuðu rými þar sem m.a. má finna sýningarbása með uppsettum baðherbergjum. „Hér er vítt til veggja og þægilegt að skoða úrvalið í ró og næði með aðstoð starfsfólks okkar. Auk þess er alltaf heitt á könnunni þannig að hingað eru allir velkomnir.“

# Eitt mikilvægasta rými heimilisins

Innanhússhönnuðurinn Sæbjörg Guðjónsdóttir segir eldhús og baðherbergi þau herbergi heimilisins sem skipta hvað mestu þegar kemur að því að selja eignir. Standi til að gera breytingar á þessum rýmum borgar sig því að vanda vel til verka og hugsa málin til enda. Sjálf keypti hún hús árið 2013 og hannaði meðal annars bæði bað og gestasalerni. Hún féllst á að sýna afraksturinn.



Sæbjörg rekur hönnunarstofuna S í D. Hún útskrifaðist sem innanhússhönnuður árið 2011 og hefur unnið við fagið síðan bæði á arkitektastofum erlendis og hérlendis. Hægt er að skoða verk hennar á heimasíðunni sid.is

## Hvernig myndir þú lýsa baðherbergjunum þínum?

„Baðherbergin eru tvö og hvort með sinn karakterinn. Aðalbaðherbergið er kvenlegra með frístandandi kari, steypu gólfi og marmara. Það má segja að það sé undir smá Parísar-áhrifum. Gestabaðherbergið er aðeins töfaralega með svörtum flísam sem lagðar eru í „herringbone“ eða fiskibeinamynstur frá gólfi og upp í loft. Í sturtunni er svo lóðrétt óbein lýsing sem skapar kynþokkafulla stemningu. Innréttingar og blöndunartæki eru eins á báðum baðherbergjunum; sprautulakkaðar með viðarborðplötu og vaski á borði. Tækin eru svört.“



Diskurinn undir Aesop sápunum, sem fást meðal annars í Ilmhúsinu, er frá ILVU og kertastjakinn líka. Svörtu eyrnarpinnarnir eru frá Muji. Þessi skreyting er á stærra baðherberginu.

## Á hvað lagðir þú áherslu – hver var innblásturinn?

„Mig langaði til að prufa eitt hvað nýtt og njóta þess að hanna fyrir sjálfa mig og mína. Hugmyndin var að skapa notalega en skemmtilega stemningu – eitthvað í líkingu við herbergi á „boutique“ hótélum þar sem oft ríkir nútímalegt og útpælt þema,“ segir Sæbjörg en henni þykir gaman að hanna baðherbergi sem minna á hótélbaðherbergi. „Ég vil hafa smá lúxus í bland við notagildi enda verja flestir miklum tíma á baðherberginu.“ Gestabaðið var upphaflega minna en Sæbjörg og

eiginmaður hennar stækkuðu það til að rýma fyrir sturtu. „Það er því frekar langt og mjótt en ég ákvað að leika mér að lengdinni með því að leggja flísarnar í fiskibeinamynstur sem beinist að endanum og heldur áfram upp vegginn og svo yfir loftið í sturtunni. Ég setti svo sérstaklega glært gler án festinga til að trufla ekki mynstrið.“

## Hvaðan koma innréttingarnar, gólfefni og flísar?

Ég hannaði þær og fékk GKS til að smíða. Gólfíð var steyp, pússað og mattlakkað. Flísarnar á gestabaðinu eru úr Flísabúðinni en ég lét saga þær niður til að gera mynstrið. Ég sérpantaði svo vaska og blöndunartæki frá Ástralíu því ég fann ekki það sem mig langaði í hér heima,“ segir Sæbjörg en hún er dugleg að fylgjast með nýjungum sem rata ekki alltaf hingað til lands. „Ég reyni alltaf að skapa eitt hvað nýtt fyrir hvern viðskiptavin og reyni yfirleitt að sérpanta eitthvað frá útlöndum enda ekkert gaman að fá hönnuð til að hanna fyrir þig rými sem er svo bara alveg eins og hjá næsta manni,“ segir Sæbjörg en hún hefur komið að hönnun hótela, veitingastaða og verslana ásamt því að hanna fyrir einkaheimili og skrifstofur.“

## Að hverju þarf að huga þegar baðherbergi er breytt?

„Ég mæli auðvitað með að fólk leiti til fagmanns sem kemur með góðar lausnir og hannar rýmið svo það nýtist sem best og með þarfir eiganda í huga. Baðherbergi og eldhús eru þau herbergi sem selja hvað mest og mikilvægt að hugsa sig vel um áður en farið er af stað í breytingar. Það þarf að hugsa rýmið til enda og skipuleggja það vel.“

## Að hverju þarf helst að huga varðandi lýsinguna?

„Hún skiptir mjög miklu máli á baðherbergjum og þarf að vera góð til að rýmið nýtist sem best. Að mínu mati virkar góð blanda af beinni og óbeinni lýsingu best. Oft breytir miklu að bæta dimmer á ljósin sem fyrir eru og best er að hafa þau ekki öll á sama slökkvara til að geta skapað mismunandi stemningu.“ Ljós beint ofan á höfuðið fyrir ofan spegil og vask myndar að sögn Sæbjargar skugga á andlitið. „Því þarf oft að bæta við vegg lýsingu sem skín framán á andlit eins og margir kannast við í förðunarherbergjum leikhúsanna. Þetta skiptir sérstaklega máli ef ætlunin er að mála sig við spegilinn.“

## Hvaða skraut og fylgihlutir finnst þér tilheyrja á baðinu?

„Það fer alveg eftir karakter íbúa. Mér finnst fólk þó mega vera aðeins djarfara ef það er með gestabaðherbergi og nota til dæmis hringlaga spegil, skemmtilega



Stærra baðherbergið er kvenlegra með frístandandi kari, steypu gólfi og marmara.

MYNDIR/ANTON

veggilampa eða hangandi ljós. Það má líka alveg hugsa út fyrir kassann og skella myndum upp á vegg eða á hillu. Punkturinn yfir i-ið er svo auðvitað góður ilmur, sápur og kannski upprúlluð þvottastykki sem bíða gesta.“

## Er einhver baðherbergistíska ríkjandi um þessar mundir?

„Mér finnst margir vera að gera þau aðeins persónulegri. Blöndunartæki í öðrum litum en krómi eins og messing eða svörtu eru líka áberandi. Sömu leiðis opnar sturtur og frístandandi baðkór. Þá er ekki endilega verið að skella flísam á öll gólf og upp um alla veggi, enda þarf þess heldur ekki. Það er til dæmis vel hægt að nota málningu eins og Akryl 7 frá Litlandi en hún er frábær í stað flísa. Þá finnst mér lögun og stærð flísa líka vera að breytast. Þessar hefðbundnu 30x60 eru að vika fyrir skemmtilegum stærðum eins og 80x80 og 10X10 svo dæmi séu nefnd. Þegar kemur að fylgihlutum og skrauti má segja að Aesop og La:Bruket sápurnar tröllríði öllu ásamt fallegum grænum plöntum sem lífga upp á rýmið.“



Sápurnar á gestabaðherberginu eru frá Zara Home. Röndóttu skálin var keypt í Marokkó. Höndin er frá Hay.



Innréttingarnar og blöndunartækin eru eins á báðum baðherbergjum; sprautulakkaðar með viðarborðplötu og vaski á borði.



Sæbjörg sérpantaði blöndunartækin frá Ástralíu.



Gestabaðið er töfaralega með svörtum flísam sem lagðar eru í fiskibeinamynstur.

# Notalegt baðherbergi gerir daginn svo miklu betri

Baðherbergið er í aðalhlutverki á heimilinu í upphafi dagsins og aftur þegar honum lýkur. Herbergið tengist hreinlæti og snyrtingu og því sjálfsagt að gera það sem notalegast. Baðherbergisdeildin í IKEA er nú sérstaklega glæsileg eftir umfangsmiklar endurbætur nýlega. Þar er fjölbreyttum innréttingum stillt upp ásamt aukahlutum eins og speglum, lýsingu, smávöru og vefnaðarvöru þannig að hver sá sem er að hugleiða endurnýjun á baðherberginu ætti að fá fullt af innblæstri og góðum hugmyndum.

**A**ldís Axelsdóttir sölustjóri segir nýja baðdeild rúm-góða og því hægt að sýna fjölbreytt úrval, enda séu baðherbergi afar misjöfn. „Reyndar eru þau stærrí hér á landi miðað við víða annars staðar, en í flestum tilvikum þarf að nýta plássíð mjög vel.“ Hún segir að það sé nánast sama hver stærð baðherbergisins sé eða að hvaða stíl fólki sé að leita – það ætti að finna eitthvað við hæfi í vöruúrvali IKEA. „Veggfestu skápunum og vaskaskápunum er hægt að raða saman eftir þörfum. Flestir vilja setja upp eins mikið af skápum og plássíð leyfir til að hafa sem mest af hirslum. Svo er líka hægt að fá fristandandi skápa á mjög góðu verði,“ segir Aldís. Þar sem plássíð sé lítið henti best að hafa handlaugina sem nettasta. „Þar hentar til dæmis minnsta stærðin í LILLÄNGEN línunni fullkomlega, enda er hún hönnuð til að nýta lítið rými sem best. GODMORGON er svo vinsælasta línun okkar í baðherbergisdeildinni.“ Henni tilheyrir breitt úrval af vaskaskápum og veggskápum í nokkrum litum, speglum og lýsingu. „GODMORGON hefur verið vinsæl um árabil, enda falleg og sígild, og svo er hún með 10 ára ábyrgð, eins og öll blöndunartækin. Veggskápar með spegilhurðum eru mjög vinsælir enda er tilvalið að nýta plássíð bak við spegilinn fyrir snyrtivörur og smádót, sem flestir kannast við að safnist upp á baðherberginu. Það er í raun mjög mikið sem þarf að koma fyrir á baðherberginu; snyrtivörur, smádót, hreinlætisvörur, handklæði, baðleikföng og annað. Hirslurnar eru því mjög mikilvægar svo hægt sé að halda herberginu snyrtilegu,“ segir Aldís.

## Einföld uppsetning

Hún segir uppsetningu á innréttingunum einfalda, og á flestra færi að sjá um hana, en viðskiptavinum standi líka til boða fjölbreytt þjónusta gegn vægu gjaldi ef þeir vilji það heldur. „Ef ætlunin er að hanna nýtt baðherbergi frá grunni er Home Planner teikniforritið okkar fyrsta stoppistöð. Það er hægt að nálgast það frítt á vefnum okkar. Þar eru allar innréttingarnar, úrval af nýjum borðplötum, vaskar, blöndunartæki og aukahlutir. Það er því hægt að leika sér með liti, vörur og útlit þangað til rétta innréttingin og heildarútlitið er fundið. Forritið heldur líka utan um öll vörunúmerin svo ekkert gleymist þegar komið er í verslunina. Það er því mjög sniðugt að nýta sér það sem mest,“ segir Aldís.

## Lítill skref breyta miklu

Ábendingahnappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFT




# TÍMAMÓT



## Merkisatburðir

- 1143** Konungsríkið León viðurkenndi sjálfstæði Portúgals.
- 1923** Albert Guðmundsson, knattspyrnu- og stjórnmálamaður, fæddist.
- 1944** Konur í Frakklandi fengu kosningarétt.
- 1946** Alþingi samþykkti að veita Bandaríkjunum afnot af landi á Miðnesheiði. Samningurinn olli miklum deilum.
- 1946** Melaskóli í Vesturbæ Reykjavíkur hóf starfsemi sína.
- 1991** Blönduvirkjun var vígð.
- 2011** Steve Jobs, bandarískur frumkvöðull og hugvitsmaður á sviði tæknivísinda, lést.



## Tvinna saman hinar ýmsu víddir jafnréttis

Jafnréttisdagar 2015 hefst í dag í sjöunda árið í röð. Leitast verður við að skapa opna umræðu og aukinn skilning á jafnrétti. Arnar Gislason, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands, segir að leitast verði við að skapa opna umræðu og aukinn skilning á jafnrétti.

„Jafnréttisstefnan sem við vinnum að innan háskólans er mjög góð. Við reynum að hafa dagana í ár skemmtilega og yfir þeim verður hátíðarbragur,“ segir Arnar Gislason, kynjafræðingur og jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands, en Jafnréttisdagar 2015 hefst í dag.

Viðburðurinn eru haldinn sjöunda árið í röð og lýkur dagskránni föstudaginn 16. október næstkomandi.

„Jafnréttisdagar tvinna saman hinar ýmsu víddir jafnréttis og skoða fjölbreytileika, forréttindi, þöggun, jafnréttisbaráttu, vald og mismunun,“ segir Arnar og nefnir sem dæmi að fléttað verði saman jafnrétti kynjanna og íslamófóbíu. Áhersla verði lögð á þau tækifæri sem skapast með því að setja hugmyndir um hið „eðlilega“ og hið undirskipaða undir smásjána.

„Dagskráin er fjölbreytt og byggist á þverfaglegu samstarfi þar sem gerð er til-

raun til að sameina hátíðarbrag og gagnrýna sýn á jafnréttismál,“ segir Arnar.

Hann segir að leitast verði við að skapa opna umræðu og aukinn skilning á jafnrétti ásamt því að auka sýnileika jafnréttismála og virkja þá fjölmörgu aðila sem vinna að jafnrétti.

Jafnréttisdagar eru samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands en allir háskólar á Íslandi taka þátt í dögnum í ár. „Síðan byggist þetta líka á samstarfi milli fólks sem kemur úr ólíkum áttum. Til dæmis vinna sumir sem mæta í stjórnsýslunni, sumir eru í námi og aðrir í kennslu eða rannsókn-um. Einnig kemur fólk með mismunandi þælingar. Til dæmis koma sumir með hinsegin þælingar, til dæmis um málefni trans fólks og aðrir með þælingar um jafnrétti kynjanna.“

Fyrsti viðburður Jafnréttisdaga er í kvöld og er myrkvaður viðburður. „Ég

**Dagskráin er fjölbreytt og byggist á þverfaglegu samstarfi þar sem gerð er tilraun til að sameina hátíðarbrag og gagnrýna sýn á jafnréttismál.**

Arnar Gislason, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands

er mjög spenntur fyrir þessum viðburði og verður þetta klárlega öðruvísi upplifun, að minnsta kosti fyrir sjáandi gesti. Sjáandi og blindir listamenn koma fram og verður hið sjónræna lagt til hliðar og önnur skilningarvit virkjuð.“

Ókeypis er á alla viðburði Jafnréttisdaga 2015 og er aðgangur öllum heimill. [nadine@frettabladid.is](mailto:nadine@frettabladid.is)



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hera Karlsdóttir**

Ijósmóðir, Hjallaseli 55, áður að Neðstaleiti 4,

lést á hjartadeild Landspítalans 28. september.

**Faney Davíðsdóttir**  
**Ingibjörg Snorradóttir Guðm. Geir Gunnarsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar og amma,

**Arnbjörg Jónsdóttir Waage**

lést 29. september. Útförin verður frá Kópavogskirkju 8. október kl. 13.

**Guðbjörg H. Waage**  
**Ágústa Waage** **Ingólfur Tryggvason**  
**Guðný Waage**  
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gottskálk S. Rögnvaldsson**

fyrirverandi útsölustjóri ÁTVR á Siglufirði

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar, Siglufirði, þann 29. september. Útför hans fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 17. október kl. 14.

**Rögnvaldur Gottskálksson** **Auður B. Erlendsdóttir**  
**Gunnar Gottskálksson** **Erla Ó. Hermannsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

ÞETTA GERÐIST  
5. OKTÓBER 1989

## Dalai Lama hlaut friðarverðlaun Nóbels

Dalai Lama, andlegur trúarleiðtogi Tíbeta, hlaut friðarverðlaun Nóbels þann 5. október 1989 fyrir friðsamlega baráttu fyrir frelsi þjóðar sinnar. Hann barðist fyrir friðsamlegum lausnum sem byggðust á umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu til að viðhalda sögulegri og menningarlegri arfleið Tíbeta.

Egil Ári, formaður norsku nóbelsnefndarinnar, afhenti verðlaunin og við það tækifæri sakaði Dalai Lama

Kínverja um að herða stöðugt tókin á Tíbetum.

Árið 1959 lögðu Kínverjar Tíbet undir sig og hraktist Dalai Lama í útlegð ásamt fjölda munkna til Indlands. Þar var hann í þrjú áratugi. Hann hefur síðan þá ferðast um allan heim til að kynna búddadómi og talað fyrir frelsi Tíbeta.

Dalai Lama hefur skrifað margar bækur um frið, kærleika, hamingju og andleg málefni. – [ngy](http://ngy)



**Dalai Lama hefur skrifað margar bækur um frið, kærleika, hamingju og andleg málefni.**  
NORDICPHOTOS/AFP

# LAMBALÆRI OG ÁST!

Nýttu þér frábært tilboð á lambalærum í Iceland og hóaðu í fjölskyldu og vini í glaðlega og kærleiksrika máltíð.



MISSTU  
EKKI AF  
ÞESSU!

**999** kr. kg

VERÐ ÁÐUR: 1498 KR.

SS LAMBALÆRI  
FROSID, 2,1–2,6 KG\*



**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró. Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausn greiðslufrest. Skráðu þig á [www.netgiro.is](http://www.netgiro.is)

**Netgíró**  
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.




OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur



Allhvöss suðaustanátt á austurhellingi landsins í dag, en mun hægari um landið vestanvert. Rigning sunnan til og á köflum talsverð suðaustanlands, en lengst af úrkomulítið fyrir norðan.

## Priðjudagur

### Priðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5° ↗ 3	4° ↖ 6	9° ↖ 5
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
9° ↖ 10	9° ↖ 6	3° ↖ 10

## Miðvikudagur

### Mánudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7° ↑ 3	3° ↑ 5	5° ↓ 1
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
8° ↖ 13	9° ↖ 11	-1° ↖ 4

## Prautir

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- hland
  - frú
  - farfa
  - besti árangur
  - karlkyn
  - áfergja
  - einkennis,
  - pot
  - hlaup
  - titill
  - tveir eins
  - auðveld

- LÓÐRÉTT**
- þurrka út
  - gangflötur
  - eyja
  - stykki
  - rekaviður
  - saur
  - námsgrein
  - óhapp
  - skammstöfun
  - stefna

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LAUSN

LÁRÉTT: 2. þiss, 6. fr. 8. lit. 9. me. 11. kl. 12. ákaf. 14. aðal, 16. oc. 17. gæl. 18. fru. 20. v. 21. leit. LÓÐRÉTT: 1. arna, 3. il. 4. sikiley, 5. stf. 7. rekavé. 10. lað, 13. fag, 15. slfs, 16. ofl, 19. ul.

## Skák Gunnar Björnsson

Oliver Aron Jóhannesson (2.202) átti leik gegn Svianum Milton Pantzar (2.175) í keppni á milli Fjölmaskrakka og samskra unglinga í Uppsölum.

### Svartur á leik

27.... Dxe1+! 28. Hxe1 Rf2+. Hvítur gafst upp enda tapar hann heilum hrök. Fjölmaskrakkararnar unnu „landskeppnina“ gegn Svianum. [www.skak.is](http://www.skak.is) Jafnt hjá Svidler og Karjakin.



## Sudoku

### LÉTT

4			3	9	2			
8							7	
1	2					4	6	
		1		8	3	7	9	
2			9	4			8	
		7	6	1				
	6		4					7
				3	9	8		
7	9	2				1	4	3

### MIDLUNGS

5					7		2	
	9	1		5		4		
2	3	4			9	5		
					5		4	9
4	2				6	7		1
6								
	4	7	1			3	2	
6	8		9					

### PUNG

		8	4			1				
									7	8
			1					3		
6		8	5						9	
9			2	7					4	
	5		9							
		6						7		2
			3						6	
						2	9		1	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudokuro

5	6	3	4	2	8	9	1	7		6	8	7	2	5	3	1	9	4
8	7	4	3	9	1	6	2	5		4	7	2	1	5	8	9	6	3
9	1	2	7	5	6	4	3	8		1	5	9	3	6	7	4	8	2
3	8	9	1	4	2	7	5	6		5	9	7	4	1	6	3	2	8
2	4	6	5	3	7	8	9	1		8	1	4	5	3	2	6	9	7
7	5	1	8	6	9	2	4	3		3	2	6	7	8	9	5	1	4
6	3	5	9	7	4	1	8	2		7	3	8	6	9	5	2	4	1
4	2	8	6	1	5	3	7	9		9	4	5	2	7	1	8	3	6
1	9	7	2	8	3	5	6	4		2	6	1	8	4	3	7	5	9
										3	4	1	9	7	8	6	5	2
										5	9	2	1	4	6	7	3	8
										4	5	9	3	6	1	8	2	7
										8	7	6	4	2	5	3	1	9
										1	2	3	7	8	9	4	6	5
										7	3	4	5	1	2	9	8	6
										9	6	5	8	3	7	2	4	1
										2	1	8	6	9	4	5	7	3

## Myndasögur

### PONDUS

### GELGJAN

### BARNALÁN



# LG

Life's Good

## FHD HÁSKERPU SJÓNVARP



### LG 32LF561V / 55LF561V

FHD Led sjónvarp með 1920 x1080p upplausn og 300Hz PMI. Triple XD Engine. Dynamic Color Enhancer. Real Cinema 24p. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 1 x USB. 1 x HDMI. Scart, Component og CI rauf. USB upptaka.

TILBOÐ

32"

69.990

FULLT VERÐ 84.990

TILBOÐ

55"

149.990

FULLT VERÐ 189.990

# SJÓNVARPS TILBOÐ

VÖNDUÐ EN EINFÖLD TÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI



OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16

### LG 43LF540V / 49LF540V

FHD LED sjónvarp með 1920 x1080p upplausn og 300Hz PMI. Triple XD Engine. Dynamic Color Correction. Real Cinema 24p. Stafrænn DVB-C/T2/S/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 1 x USB. 1 x HDMI tengi, Scart, Component og CI rauf. USB upptökumöguleiki.

TILBOÐ

43"

79.990

FULLT VERÐ 99.990

TILBOÐ

49"

119.990

FULLT VERÐ 139.990

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)



# LG

Life's Good

## Falleg en full kunnugleg þroskasaga

### KVIKMYNDIR

#### Prestir

**Leikstjórn og handrit** Rúnar Rúnarsson

**Aðalleikarar** Atli Óskar Fjaljarsson, Ingvar E. Sigurðsson

**Framleiðendur** Igor Nola, Lilja Ósk Snorradóttir, Mikkel Jersin og Rúnar Rúnarsson

**Myndataka** Sophia Olsson

**Klipping** Jacob Secher Schulsinger

**Tónlist** Kjartan Sveinsson

**Leikmynd** Marta Luíza Macuga

**Búningar** Helga Rós Hannam

**Förðun** Áslaug Dröfn Sigurðardóttir

★★★★★

Prestir er nýjasta mynd leikstjórans Rúnar Rúnarssonar og var hún á dögum valin besta myndin á kvikmyndahátíðinni á San Sebastian, viðhaldandi þeirri sigurgöngu sem íslenskar myndir hafa haldið á kvikmyndahátíðum víða um heim undanfarið.

Myndin segir frá unglingspiltinum Ara (Atli Óskar Fjaljarsson) sem flyst úr Reykjavík aftur í smábæinn á Vestfjörðum sem hann ólst upp í, til að búa hjá föður sínum (Ingvar E. Sigurðsson) þar sem móðir hans þarf að flytja til Afríku. Ara líkar ekki dvölin þar til að byrja með þar sem lítið er um að vera þarna auk þess sem faðir hans er alkóhólisti sem er í sífelldu partistandi. Þar að auki er æskuástin hans komin með kærasta og hann

neyðist til að vinna í frystihúsinu. En smám saman breytast hlutirnir.

Prestir er ekki mynd sem gengur út á sterka söguþráðarframvindu heldur er þetta fyrst og fremst þroskasaga, mynd um ungan mann í sjálfskoðun og einnig innlit inn í lítið samfélag. Þetta er mynd sem gengur út á andrúmsloft og stemningu og þar liggur helsti styrkur hennar. Rúnar hefur sýnt áður í stuttmyndunum sínum og myndinni Eldfjall að hann hefur sterkt vald á kvikmyndamiðlinum og verður bara betri ef eitthvað er þegar kemur að myndatöku og samsetningu myndmáls, auk þess sem hann hefur gott teymi kvikmyndagerðarmanna á bak við sig. Prestir er full af glæsilegum skotum og fallegum augnablikum og nýtir miðilinn vel til að segja sögu sjónrænt. Sömualeiðis standa leikarnir sig flestir þrýðilega þó enginn skari neitt sérstaklega framúr, en það má þó vel segja að Atli Óskar Fjaljarsson sé búinn að sanna að hann eigi bjarta framtíð framundan sem leikari.

En á móti kemur að efniviðurinn í Þröstum er ekki eins sterkur og myndmálið. Myndin er full af þemum sem sumir myndu kalla klassísk íslensk þemu en aðrir þreyttar klisjur: Alkóhólismi, slæmir feður, lífið í landsbyggðinni og fleira þvíumlíkt. Myndin hefur fáttt nýtt fram að færa á þessu sviði og segir lítið sem ekki hefur verið sagt áður.



Mynd úr kvikmyndinni Prestir í leikstjórn Rúnar Rúnarssonar.

Auk þess eru samtölin í myndinni hálfklén á tíðum og þótt myndin sé sjónrænt sterk á hún það til að láta persónur segja hluti upphátt sem voru augljósir fyrir. Stigandinn í myndinni er þó ágæt þó hæg sé en samt nær hún sjaldan almennilegu flugi og er full lengi að komast í gang. Það virðist þó vera ákveðin pæling hjá Rúnari að láta samtölin vera svona hversdagsleg og klén þar sem það endurspeglar á vissan hátt hugarheim aðalpersónunnar sem finnst allt í kringum sig vera svo glatað. Upphafssenurnar lýsa flestar

frekar hversdagslegum hlutum en smám saman poppa upp hlutir sem leynast undir yfirborðinu og myndin verður minna hversdagsleg eftir því sem á líður. Rúnar nær að byggja upp ágætis stemningu og myndin verður aldrei leiðinleg fyrir vikið og oft ágætis húmor í henni.

Annad sem má setja út á hérna eru kvenpersónurnar, en eins og í allt of mörgum íslenskum myndum eru þær til staðar fyrst og fremst til að þjóna karlpersónunum og hafa litla sem enga dýpt. Móðir og amma Ara eru lítið meira en staðlaðar

týpur og stúlkan sem Ari er hrifinn af er ekkert meira en það: Sæta stelpa. Þetta er enn ein karlasagan í íslensku bíói. Reyndar eru karlpersónurnar ekkert mikið merki- legri héra fyrir utan Ara og föður hans en allavega þeir tveir hafa þó einhverja smá dýpt.

Atli Sigurjónsson

**NIÐURSTAÐA:** Áferðarfalleg mynd sem heldur athygli með flottum augnablikum og oft fyndin. En hún er full kunnugleg og persónurnar í henni hefðu geta verið sterkari og dýpri.

### STÓRAR SENDINGAR VIÐ FÖRUM LÉTT MEÐ ÞAÐ

Með öfluggu dreifikerfi Póstsins kemur þú þínum vörum hratt og örugglega hvert á land sem er. Hvort sem um ræðir stakar vörur eða bílfarma þá hefur Pósturinn lausnina. Eitt símtal og við erum að dansa.

[www.postur.is](http://www.postur.is)



LJÓSMYND / EINAR GUÐMANN

## Allt það helsta í ljósmyndun

Dagana 23.-24. október 2015 standa Ljósmyndarafélag Íslands og Bláa-ljósmyndarafélag Íslands saman að einni stærstu ljósmyndaráðstefnu sem haldin hefur verið hérlandis. Ráðstefnan er ætluð öllu atvinnu- og áhugafólki í ljósmyndun. Ráðstefnan verður haldin á Grand Hótel Reykjavík í þremur söllum og meðal staðfesta fyrirlesara eru: Mads Nissen, David Noton, Janette Beckman, Gianluca Colla, Páll Stefánsson, Heiðdís og Styrmir Kári, David Barreiro, Ragnar Th. Sigurðsson, Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, Jóna Þorvaldsdóttir, Inga Sólveig og Hung Tang.

Sony Nordic-ráðstefnan hefst á föstudagskvöldi með opunarfyrirlestri hins margverðlaunaða Mads Nissen og að honum loknum býður

Nýherji til veislu í verslun sinni. Á laugardegnum standa ráðstefnugestum til boða 15 mismunandi fyrirlestrar sem haldnir verða í þremur mismunandi söllum og fjalla um allt frá Daguerre-týpum til nýjustu framfara í stafrænum myndflögum og ætti allt áhugafólk að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Vörusýning verður haldin samhliða sýningunni þar sem fyrirtækjum gefst einstakt tækifæri til að kynna sínar vörur og þjónustu fyrir stórum hópi atvinnu- og áhugaljósmyndara. Markmiðið er að hægt verði að kynna sér allt það helsta hvort sem er í búnaði, prentþjónustu eða annarri þjónustu fyrir ljósmyndara. Við viljum búa til vettvang fyrir þá sem þjónusta ljósmyndara til að koma saman og sýna sig og sína þjónustu. – mg

# Maggi

®




## Nýjar vörur í Maggi fjölskyldunni

Maggi fjölskyldan er orðin stærri og fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr. Prófaðu ljúffengar nýjar kryddblöndur fyrir klassískar kjötbollar eða kjötsósu upp á ítalska mátann og nýjan FondCups kjúklinga-, nauta- og grænmetiskraft sem gefur hvaða rétti sem er kröftugri fyllingu og ekta bragð.

Einfalt, fjótlegt, ljúffengt!

Það þarf ekki að vera flókið að elda frábæra máltíð hvern dag vikunnar. Maggi vörurnar eru fyrir fólk sem vill geta eldað á fjótlegan og einfaldan hátt án þess að gefa nokkurn afslátt af bragðgæðum.

Verði þér að góðu!



**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ**

**Sýningartímar á eMiði.is og miði.is**

**LAUGARÁS BÍÓ**

**miði.is** *Midásala og nánari upplýsingar*

*LAUGARÁS BÍÓ*

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

THE MARTIAN 3D	7, 10
EVEREST 3D	5, 8, 10:30
SICARIO	8, 10:30
HÓTEL TRANSYLV. 2D ISL	5
HÓTEL TRANSYLV. 2D ENS	6 (ótextuð)

**SAMBÍÓINN** NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID ÞÁÐ MARGGEORGAN SIG

JOHNNY DEPP ER STÓRKOSTLEGUR Í HLUTVERKI SÍNU SEM JAMES „WHITEY“ BULGER.

**BLACK MASS** ★★★★★ COLLINS-STONE ★★★★★ VARIETY ★★★★★ THE WRAP

**EVEREST** ★★★★★

Ein besta gamannmynd þessa árs með Óskarsverðlaunaleikurum Robert DeNiro & Anne Hathaway.

**INTERN** ★★★★★

**ALFABAKKA**

BLACK MASS	kl. 6 - 8 - 9 - 10:40
BLACK MASS VIP	kl. 10:40
THE INTERN	kl. 5:20 - 8 - 10:40
EVEREST 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
EVEREST 2D VIP	kl. 5:20 - 8
HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ISL 2D	kl. 6
THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 10:10
VACATION	kl. 8
INSIDE OUT ISL 2D	kl. 5:50

**EGILSHÖLL**

BLACK MASS	kl. 5:20 - 8 - 10:35
THE INTERN	kl. 5:20 - 8 - 10:35
EVEREST 3D	kl. 5:20 - 8
EVEREST 2D	kl. 10:35
HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ISL 2D	kl. 5:40
THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 10:15
VACATION	kl. 8

**AKUREYRI**

BLACK MASS	kl. 8 - 10:30
THE INTERN	kl. 5:30 - 8
THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 10:30
INSIDE OUT ISL 2D	kl. 5:50

**KEFLAVÍK**

BLACK MASS	kl. 8 - 10:40
THE MARTIAN 3D	kl. 8
EVEREST 2D	kl. 10:30

**NUMERÚB SÆTI**

**KRINGLUNNI**

BLACK MASS	kl. 5:20 - 8 - 10:40
THE INTERN	kl. 5:20 - 8 - 10:40
PAWN SACRIFICE	kl. 5:30 - 10:30
LOVE & MERCY	kl. 8

**KEFLAVÍK**

BLACK MASS	kl. 8 - 10:40
THE MARTIAN 3D	kl. 8
EVEREST 2D	kl. 10:30

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

## Uppákomur

**Hvað?** Íslandsmót í FIFA16  
**Hvenær?** 19.00  
**Hvar?** Spot, Bæjarlind 6  
 Í tilefni af útgáfu tölvuleiksins FIFA 16 á dögunum er efnt til Íslandsmóts á skemmtistaðnum Spot. Undanúrslitakvöldin eru í kvöld og þann 12. október og úrslitakvöldið fer fram þann 19. október. Tveir saman í liði og er þátttökugjaldið 4.000 krónur. Ekkert aldurstakmark en þátttakendur undir 18 ára verða að mæta í fylgd með foreldrum eða forráðamanni. Vegleg verðlaun í boði.

**Hvað?** Opnun Jafnréttisdaga 2015 – Myrkvaður viðburður  
**Hvenær?** 19.45  
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Laugarnesvegi 91  
 Jafnréttisdagar eru samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands og eru nú haldnir í sjöunda sinn en allir háskólar landsins taka þátt. Leitast er við að skapa opna umræðu og auka skilning á jafnrétti auk þess að auka sýnileika jafnréttismála. Á þessum opunarviðburði leiða sjáandi og blindir listamenn gesti um og rannsaka myrkríð með tónum, takti, pælingum og uppi-standi. Fram koma Bergvín Oddsson, Íva Marín Adrichem, Kristín Ómarsdóttir og Ólóf Arnalds. Mikilvægt er að gestir mæti tímanlega.



**Hvað?** Efast á kránni



**Hvað?** Dj Anna Brá  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Big Lebowski, Laugavegi 20a

**Hvað?** Mánu- dagsdjass



Ómar Guðjónsson og Tómas R. Einarsson spila á Kaupvangskaffi í kvöld.

**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Húrra, Naustunum

**Hvað?** Trúbadorarnir Ingi Valur og Tryggvi  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** English Pub, Austurstræti 12

**Hvað?** Blús- félagið – Björggi Gísla og blús- band  
**Hvenær?** 21.00



**Hvar?** Café Rösenberg, Klapparstig 25

## Málþing

**Hvað?** Málþing meistaranema við Menntavísindasvið  
**Hvenær?** 9.00  
**Hvar?** Háskóli Íslands, Stakkahlíð Meistaraneinar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands kynna loka- verkefni sín. Skipt er upp í nokkrar málstofur og gefst gestum tækifæri til að fara á milli og hlýða á fjölbreytt erindi. Meðal efnis eru list- og verkmenntun, læsi, menntun og margbreytileiki, leikskólafræði, tólmstundafræði og margt fleira. Málþingið er öllum opið.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Við Babylons- fljót þá og nú – 137. Sálmur Saltarans í sögu og samtið

**Hvenær?** 11.40  
**Hvar?** Stofa 229, Aðalbyggingu Háskóla Íslands  
 Gunnlaugur A. Jónsson heldur fyrirlestur í boði Guðfræðistofnunar sem nefnist Við Babylonsfljót þá og nú – 137. Sálmur Saltarans í sögu og samtið. Í erindinu fjallar Gunnlaugur um sögulegt baksvið sálmsins en leggur megináherslu á ríkulega síðari tímaáhrifasögu hans. Fyrirlesturinn er öllum opin.

**Hvað?** Innsýn í gerð nýrra ferða- þjónustureikninga fyrir Ísland  
**Hvenær?** 15.00  
**Hvar?** Stofa 101, Lögberg, Háskóla Íslands  
 Kynningarfundur á vegum Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála í samvinnu við Hagstofu Íslands um gerð nýju ferðaþjónustu- reikninganna tímabilið 2009-2013. Dr. Cristi Fent sér um kynninguna. Kynningin fer fram á ensku og eru allir velkomnir.



Afmælistónleikar

Afmælistónleikar

Afmælistónleikar

# Ríó trío

í hálfra öld  
í hálfra öld

23. október  
í Eldborg

DÆGURFLUGAN

Ég sá þig snemma dags, Dýrið gengur laust,  
Á pöbbinn, Fröken Reykjavík, Verst af öllu  
og öll hin lögin sem hafa lifað í góðri  
og farsælli sambúð með þjóðinni  
öll þessi ár.

Afmælistónleikar

Afmælistónleikar

Afmælistónleikar

Afmælistónleikar

Afmælistónleikar



HARPA

Miðasala í fullum gangi.

[tix.is](http://tix.is) | [harpa.is](http://harpa.is) | 528-5050

**Hugsið ykkur:** Nú er hálf öld liðin frá því að Ríó tríóið var stofnað. Tíminn flýgur. Helgi P., Ágúst, Snorri Helgason og Bjössi Thor ásamt hljómsveit undir stjórn Gunnars Þórðarsonar í Hörpu, rifja upp og renna í helstu smelli, í bland við heimspekileg gamanmál af ýmsum toga.

Textaskáldið hrjúfa, Jónas Friðrik kemur í sérstaka opinbera heimsókn frá Raufarhöfn og hlýðir félögum sínum yfir ódauðlegar textasmíðar sínar.

# Ríó trío

## DAGSKRÁ

## Mánudagur

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2  
08.05 The Middle  
08.30 Hot in Cleveland  
08.50 2 Broke Girls  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 Doctors  
10.20 Um land allt  
10.40 Matargleði Evu  
11.05 Gulli byggir  
11.30 Back in the Game  
11.50 Harry's Law  
12.35 Nágrannar  
13.00 Britain's Got Talent  
14.10 Britain's Got Talent  
14.35 Dallas  
15.20 Pretty Little Liars  
16.05 How to Live with Your Parents for the Rest of Your Life  
16.35 Atlas 4D  
17.20 Bold and the Beautiful  
17.40 Nágrannar  
18.05 Pepsimörkin á Stöð 2  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.47 Íþróttir  
18.55 Ísland í dag  
19.25 Mike & Molly  
19.45 Grand Designs  
20.35 Besti vinur mannsins  
21.00 Proof  
21.45 Black Work  
22.30 The Leftovers  
23.15 Daily Show: Global Edition  
23.45 The Big Bang Theory  
00.10 Public Morals  
00.55 The Strain  
01.40 Last Week Tonight with John Oliver  
02.10 Louie  
02.35 Bones  
03.15 Forever  
04.00 Vehicle 19  
05.25 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

07.45 Fiorentina - Atalanta  
09.25 AC Milan - Napoli  
11.05 Pick Szeged - Barcelona  
12.25 HC Zagreb - Veszprém  
13.45 Malmö - Real Madrid  
15.30 Evrópudeildarmörkin 2015/2016  
16.20 Atletico Madrid - Real Madrid  
18.00 Markaðpáttur  
18.30 Spænsku mörkin 2015/2016  
19.00 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur  
19.25 San Francisco 49ers - Green Bay Packers  
21.55 Sevilla - Barcelona  
23.35 Box. Matthisse vs. Postol

## SPORT 2

07.10 Swansea - Tottenham  
08.50 Arsenal - Man. Utd.  
10.30 Everton - Liverpool  
12.10 Crystal Palace - WBA  
13.50 Rotherdam - Burnley  
15.30 Bournemouth - Watford  
17.10 Pepsimörkin 2015  
19.20 Everton - Liverpool  
21.00 Messan  
22.15 Football League Show 2015/16  
22.45 Arsenal - Man. Utd.  
00.25 Messan

## GOLFSTÖÐIN

08.30 European Tour 2015  
13.30 Golfing World 2015  
14.20 This Is the Presidents Cup  
14.45 2015 Presidents Cup Preview  
15.15 PGA Tour 2015 - Highlights  
16.10 Golfing World 2015  
17.00 European Tour 2015  
22.00 2015 Presidents Cup Preview  
22.30 Champions Tour Highlights  
23.25 Inside the PGA Tour 2015

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



NÝTT!

21:00

## THE PROOF

Vandaðir dramapættir um lækni sem sér fyrir hvað gerist eftir að fólk kveður þennan heim. Aðalhlutverk leikur Jennifer Beals.

## SKEMMTILEGUR MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:35

## BESTI VINUR MANNINS

Í þessum frábæra þætti kynnumst við þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og einkenni.



21:45

## BLACK WORK

Vandaðir breskir spennuþættir um unga lögreglukonu sem leitar að morðingja eiginmanns síns. Hörkuspennandi þættir!



22:30

## THE LEFTOVERS

Skyndilega hverfur stór hópur fólks sporlaust af jörðinni og við fylgjumst með þeim sem eftir verða. Frábærir þættir úr smíðju HBO.



NÝ ÞÁTTARÖÐ!

22:00

## COMPANY OF HEROES

Liðsmenn bandarískrar hersveitar komast að því að Hitler hefur í hyggju að sprengja risasprengju með skelfilegum afleiðingum.



20:55

## MY DREAM HOME

Tvíburabræðurnir Drew Scott og Jonathan Silver Scott hjálpa þörum að finna, kaupa og gera upp þeirra draumafasteignir.



NÝTT!

FRÁBÆR DAGSKRÁ Á STÖÐ 3!

21:20

## THE 100

Spennandi þættir sem gerast í framtíðinni eða 97 árum eftir að kjarnorkusprengja lagði heiminn eins og við þekkjum hann í rúst.



1. ÞÁTTUR!

## BÍÓSTÖÐIN

10.45 Silver Linings Playbook  
12.50 House of Versace  
14.20 Think Like a Man  
16.20 Silver Linings Playbook  
18.25 House of Versace  
19.55 Think Like a Man  
Fjórar konur eru að gefast upp á eiginmönnum sínum sem vilja ekki haga sér eins og þeim hentar. Þegar þær finna bók með leiðbeiningum um hvernig best er að fá karlmenn til að láta að stjórn breytist allt. 22.00 Company of Heroes  
23.45 Dark Tide  
01.40 Six Bullets  
Hasarmynd með Jean-Claude Van Damme í aðalhlutverki  
03.35 Company of Heroes



## RÚV

16.10 Rokk- og poppsaga Íslands  
16.15 Öldin hennar  
17.20 Hvolpasveitin  
17.45 Um hvað snýst þetta allt?  
17.50 Loppulúði, hvar ertu?  
18.03 Skúli skelfir  
18.15 Táknaðsfréttir  
18.25 Á götunni  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
20.05 Kynslóð jarðar  
21.00 Brúin  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Fangelsistónar  
23.20 Scott og Bailey  
00.05 Kastljós  
00.35 Fréttir  
00.50 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 Everybody Loves Raymond  
08.20 Dr. Phil  
09.00 The Biggest Loser  
09.45 The Biggest Loser  
10.30 Pepsi MAX tónlist  
13.30 Cheers  
13.55 Dr. Phil  
14.35 The Office  
15.00 Psych  
15.45 America's Funniest Home Videos  
16.10 Bundesliga Highlights Show  
17.05 Reign  
17.50 Dr. Phil  
18.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon  
19.10 The Late Late Show with James Corden  
19.50 Younger  
20.15 Top Chef  
21.00 Hawaii Five-0  
21.45 CSI: Cyber  
22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon  
23.10 The Late Late Show with James Corden  
23.50 Bundesliga Highlights Show  
00.45 Blood & Oil  
01.30 Ray Donovan  
02.15 Hawaii Five-0  
03.00 CSI: Cyber  
03.45 The Tonight Show with Jimmy Fallon  
04.25 The Late Late Show with James Corden  
05.05 Pepsi MAX tónlist

Tilboðið gildir  
til 6. okt 2015

# ÁRSKORT

## Í LÍKAMSRÆKT OG SUND

### Á AÐEINS **39.990 KR.** (EINGREIÐSLA)

Það gera aðeins **3.333 kr.** á mánuði.

## ÖRYRKJAR OG ELDRI BORGARAR GREIÐA AÐEINS **23.990.-**



Íþróttamiðstöðin Versalir



Sundlaug Kópavogs



## Frítt er í alla hóptíma fyrir korthafa

GYM **heilsa**

Kortið gildir í líkamsrækt og sund í **Sundlaug Kópavogs**  
og **Íþróttamiðstöðinni Versölum.**

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470

Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480

[www.gymheilsa.is](http://www.gymheilsa.is)

# Ekki stelpur og ekki ko

Sýningar hefjast aftur á leiksýningunni Konubörn í vikunni. Verkið leitast við að því svara hvenær stelpa verður fullorðin.

Gyða Lóa Ólafsdóttir  
gydaloo@frettabladid.is



Þetta byrjaði þannig að við kynntumst allar í lokahóp í inntöku-prufum Listaháskóla Íslands fyrir leikarabráut fyrir tveimur árum. Við vorum á svona frekar miklum bömmur að hafa ekki komist inn og langaði til að gera eitthvað og vildum ekki láta það stoppa okkur í því," segir Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, ein af höfundum og leikkonum í verkinu Konubörn sem snýr aftur á fjallir Gaflaraleikhússins þann 9. október en það var frumsýnt í byrjun þessa árs.

Auk Þórdísar sömdu og leika þær Ásthildur Sigurðardóttir, Ebba Katrín Finnsdóttir, Eygló Hilmarsdóttir, Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir og Þórey Birgisdóttir verkið og stíga þær allar aftur á svið að Ásthildi undanskilinni en hún er búsett í útlöndum.

Eftir prufurnar komu þær saman og hugmyndin að sýningunni kviknaði. „Við erum náttúrulega allar ungar konur og kannski í smá millibilsástandi, ekki stelpur og ekki konur," segir Þórdís en verkið fjallar um þetta millibilsástand, hvenær verður stelpa kona? „Við erum líka svolítið að gera grín að okkar heimi, því sem við lifum í á hverjum degi."

Handritið sömdu þær sjálfar ásamt leikstjóranum Björk Jakobsdóttur og segir Þórdís það hafa tekið nokkra mánuði að setja það saman en leikritið er í hálfgerðum sketsastíl og húmorinn í fyrirrúmi.

„Við tókum á ótrúlega mörgu. Samfélagsmiðlum, strákum og svona skyldum okkar eins og að borga skatta og gera fullt af dóti sem okkur finnst við kannski ekki alveg tilbúna í af því að við erum svo miklar stelpur ennþá," segir Þórdís og bætir við: „Og feminisma, hvað það er að vera feministi."

Þórdís segir viðtökurnar eftir

**VIÐ TÖKUM Á ÓTRÚLEGA MÖRGU. SAMFÉLAGSMIÐLUM, STRÁKUM OG SVONA SKYLDUM OKKAR EINS OG AÐ BORGJA SKATTA OG GERA FULLT AF DÓTI SEM OKKUR FINNST VIÐ KANNSKI EKKI ALVEG TILBÚNAR Í AF ÞVI AÐ VIÐ ERUM SVO MIKLAR STELPUR ENNÞÁ.**

Þórdís Björk Þorfinnsdóttir

frumsýningu síðastliðinn janúar hafa verið framar vonum og færri komist að en vildu og því hafi verið ákveðið að setja verkið upp aftur eftir órlita uppfærslu á handritinu. „Ásthildur er flutt til Kaupmannahafnar þannig að við erum bara fimm núna. Við eiginlega skiptum hennar hlutverki á milli okkar. Okkur fannst ekki passa að taka einhvern inn af því við erum orðnar svo mikill hópur og okkur þykir gott að vinna saman. Við uppfærdum handritið pínulítið. Gerðum það aðeins skarpara og hnitmiðaðra."

Þær Þórdís, Þórey, Eygló, Ebba og Sigurlaug stunda allar nám í Listaháskóla Íslands, fjórar á Leikarabráut og ein á Sviðshöfundabráut og því nóg að gera hjá þeim. „Við erum alltaf í skólanum langt fram á kvöld og svo þetta um helgar. Það er ótrúlega skemmtileg vinna, eiginlega algjör forréttindi að fá að gera þetta með skólanum og nýta námið okkar," segir hún og bætir við að það sé stórskemmtilegt að fá að vinna að verkefni sem þessu ásamt vinkonum sínum og það sé alltaf stutt í hláturinn.

„Við höldum alveg klárlega áfram, þetta er bara byrjunin," segir Þórdís glöð í bragði þegar hún er spurð að því hvort hópurinn stefni á að vinna að frekari verkefnum saman.


Konubörn verður sýnt í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði þann 9. október næstkomandi.



Ebba, Þórdís, Sigurlaug, Eygló og Þórey eru Konubörn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Hversu mikið hefur eignin þín hækkað í verði?

Fermetraverð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu eftir hverfum árið 2014



Allar tölur eru í löntekum krónum. Miðað er við kaupverð. Heimild: Þjóðskrá Íslands.



Kristján P. Hauksson  
Sölufulltrúi.  
**696 1122**  
kristjan@fastlind.is

Bjarni Blöndal  
Löggiltur fasteignasali.  
**662 6163**  
bjarni@fastlind.is



Framúrskarandi þjónusta í þína þágu

## Skemmtilegt samstarf



„Fyrir mig er búið að vera frábært að fá að kíkja inn í þennan heim. Þær eru svo húmorískar og gera svo mikið grín að sjálfum sér. Samt fær maður svo vel á tilfinninguna þessa pressu á þessum aldri. Hvað ætlar þú að verða? Ætlar þú ekki að fara að koma þér í samband? Ætlar þú ekki að eignast eitthvað líttala?“ segir Björk Jakobsdóttir sem leikstýrir Konubörnum. Björk leikstýrir einnig söngleik

Verzlunarskóla Íslands í ár og segir það gefa sér mikið að vinna með ungu fólki. „Það er náttúrulega ein besta endurmenntunin og vítamín-sprautan fyrir listamann að vinna með ungu fólki. Það er einhvern veginn allt hægt, maður gleymir því þegar maður er búinn að vera að vinna í mörg ár.“

Hún segir að hún hafi ekki síður grætt á samstarfinu og hafi skemmt


# nur



TRENDIÐ  
Feldir



Fendi



MSGM



Céline



Stella McCartney



sér konunglega við að setja upp sýninguna.

„Það er búið að vera alveg yndislegt að vinna með þessum stelpum. Og mér finnst þessi kynslóð af stelpum svo sterkar og miklir frumkvöðlar og hugrakkar. Þær kyla svo á það. Þær eru ekkert að sitja heima og bíða. Ég er mjög bjartsýn sem miðaldra kvenréttindakona,“ segir hún að lokum og hlær.

## ERADIZOL | ÖFLUGT MAGALYF ÁN LYFSEÐILS

- 24 STUNDA VIRKNI
- EIN TAFLA Á DAG
- STOPPAR SÝRUMYNDUN
- INNIHELDUR ESOMEPRAZOL

**Eradizol 20 mg magasýrþolnar töflur, 14 stk. í pakka.** Virkt efni: **Esomeprazol.** **Ábendingar:** Eradizol er ætlað til skammtíma meðferðar við einikennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit) hjá fullorðnum. **Skammtar og lyfjagjöf:** Ráðlagður skammtur er 20 mg af esomeprazoli (ein tafla) á sólarhring. Það gæti þurft að taka töflurnar í 2-3 daga samfleytt til að draga úr einikenninum. Meðferðarlengd er allt að 2 vikur. Þegar einikennin eru alveg horfin á að hætta meðferðinni. Sjúklingurinn skal leita til læknis ef einikennin eru ekki horfin innan tveggja vikna af samfældri meðferð. **Frábendingar:** Örnæmi fyrir virka efniinu, benzimidazólsamböndum eða einhverju hjálparefna. **Esomeprazol** má ekki nota samhliða neflinaviri. **Sérstök varnaðarorð:** Ráðfærðu þig við lækni ef þú verður fyrir þyngdartapi sem ekki er af ásetningi eða færð endurtekin uppköst. Ef þú ert með kyngingarferliþleika, blóðuppköst eða

svartar hægðir og ef grunur er um magasár eða magasár er til staðar skal útiloka illkynja sjúkdóm þar sem meðferð með esomeprazoli getur dregið úr einikennum og seinkað sjúkdómsgreiningu. Sjúklingar með langvarandi, endurtekin einikenni mellingartruflana eða brjóstsvíða skulu fara reglulega í eftirlit til læknis. Sjúklingar, eldri en 55 ára, sem taka daglega einhver lyf við mellingartruflunum eða brjóstsvíða, sem ekki eru lyfseðilsskyld, skulu láta lyfjafræðing eða lækninn vita. Sjúklingar skulu ekki nota Eradizol til langs tíma sem fyrirbyggjandi lyf. Meðferð með prótönpumpuþemlum (PPI) getur aukið lítillega hættu á sýkingum í mellingarvegi, svo sem af völdum Salmonella og Campylobacter og hjá sjúklingum á sjúkrahúsum, einnig hugsanlega af völdum Clostridium difficile. Sjúklingar skulu ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið ef magaspeglun, úrea-útdöndunarloftsannsókn eða Chromogranin A rannsókn er

fyrirhuguð. Samhliða notkun esomeprazols og atazanavirs er ekki ráðlögð. Forðast ætti samhliða notkun esomeprazols og clopidogrelis. Ekki taka annan prótönpumpuþemil eða H<sub>2</sub>-blökka samhliða Eradizol. Lyfið inniheldur súkrósa, laktósa og glúkósa. **Pungun og brjóstgjöf:** Í varúðarskygni er ákísanlegt að forðast notkun Eradizol á meðgöngu. Konur sem hafa barn á brjósti ættu ekki að nota esomeprazol. **Ahrif á hæfni til aksturs og notkunar véla:** Eradizol hefur minniháttar ahrif á hæfni til aksturs og notkunar véla (sjá fylgiseðil). **Algen gar aukaverkanir:** Höfuðverkur, kvíðverkir, hægðatregða, niðurgangur, vindgangur, ógleði/uppköst. **Markaðsleyfishafi:** Alvogen IP Co S.à.r.l., 5 Rue Heienhaff, L-1736, Senningerberg, Luxembourg. Dagsetning endurskoðunar textans: 26. ágúst 2015. Upplýsingar um aukaverkanir, milliverkanir, varnaðarorð og önnur mikilvæg atriði má nálgast í sérlyfjaskrá – [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

FÆST ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

[alvogen.is](http://alvogen.is)



## Við eigum afmæli og nú er veisla



MEIRA Á [dorma.is](http://dorma.is)

### REST heilsurúm



25%  
AFSLÁTTUR

af 100x200 cm á meðan bírgólf endast.

Nature's Rest heilsudýna með Classic botni.

Stærð: 100x200 cm.

Fullt verð: 72.900 kr.

Aðeins **54.675 kr.**

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm<sup>2</sup>
- Sterkur botn
- Góðar kantstyrkingar

### COMFORT heilsurúm



25%  
AFSLÁTTUR

af 180x200 cm á meðan bírgólf endast.

Nature's Comfort heilsudýna með Classic botni.

Stærð: 180x200 cm.

Fullt verð: 164.900 kr.

Aðeins **123.675 kr.**

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm<sup>2</sup>
- Sterkur botn
- Steypar kantstyrkingar

### STILLANLEGT HEILSURÚM með Shape heilsudýnu



Stærð cm.	Dormaverð Shape og C&J silver
2x80x200	349.900
2x90x200	369.900
2x90x210	389.900
2x100x200	389.900
120x200	199.900
140x200	224.900

- Inndraganlegur botn
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hljóðlátur mótór
- 2x450 kg lyftimótorar
- Hliðar- og endastopparar
- Viðhaldslaus mótór

Holtagörðum  
512 6800  
Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100

Afgreiðslutími  
Mán. til fös. frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-16  
[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

# DORMA

Láttu drauminn ræstast

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFTE



Ágústa Eva Erlendsdóttir verður einn af fjórum dómurum í Ísland Got Talent. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ágústa Eva dómari í Ísland Got Talent

Ágústa Eva Erlendsdóttir bætist í dómarahópinn í Ísland Got Talent. Hún segist vera hrifnæm en með glettilega mikið af pönki í sér, þannig að það sé aldrei að vita hvort hún noti gullhnappinn.

**H**in fjölhæfa Ágústa Eva Erlendsdóttir, sem hefur slegið í gegn í leikhúsi og með söng sínum, verður í dómnefnd Ísland Got Talent í vetur. Ágústa er fjórði og síðasti dómari sem kynntur er til leiks, en með henni í dómnefnd verða Jakob Frimann Magnússon, Dr. Gunni og Marta María Jónasdóttir blaðakona. „Þetta leggst mjög vel í mig. Þetta er auðvitað stór áskorun, en um leið virkilega spennandi,“ segir Ágústa Eva í samtali við Fréttablaðið.

### Á stærri skala

„Ég fæ mikið út úr því að sjá ungt fólk stíga sín fyrstu skref á sviði, finnst það mjög skemmtilegt. Ég hef settið í fjölda dómnefnda á söngvakeppnum og slíku, en þetta er auðvitað á miklu stærri skala. Ég er spennit fyrir að sjá allt hæfileikafólkið sem mun stíga á svið,“ segir Ágústa Eva enn fremur. Hún hefur auðvitað slegið í gegn, til dæmis sem Lína Langsokkur og síðan keppti hún fyrir Íslands hönd í Eurovision sem Sívía Nótt. Telur hún að þessi víðtæka reynsla muni ekki koma henni að gagni? „Jú, auðvitað. Það er gott að hafa svona reynslu. Leiklistin er auðvitað svo víðfeðm, hún nær yfir tjáningarformið í heild. Hvort sem það er söngur, töfrabroddi eða bara einhvers konar atriði. Maður getur þá kannski frekar reynt að setja sig í spor þeirra sem keppta og þannig nýtt reynsluna til þess að veita uppbyggilega gagnrýni og gefa ráð.“

### „Umhverfisspilari“

Í þáttum eins og Ísland Got Talent er

oft mikil pressa á dómurum og má sjá, víða um heim, hvernig þeir beita mismunandi taktík við að koma skoðun sinni til skila. Sumir eru harðir, aðrir mjúkir. „Ég verð fyrst og fremst þarna á minni eigin sannfæringu. Ég er miklu meyrari í mér en margir kannski halda, út frá Sívíu Nótt og slíku. En auðvitað spílást þetta allt út frá því hvað kemur upp á borð. Auðvitað er vandmeðfarið að vera dómari í svona keppni þar sem margir eru að koma fram í fyrsta sinn. Ég held að ég verði ekki „vondi kallinn“ í þáttunum, en þetta kemur bara allt í ljós. Ég er „umhverfisspilari“; ég spila allt bara svolitíð eftir því sem gerist og met aðstæður hverju sinni.“


### Mamma sem tárast

Ágústa telur ómögulegt að segja til um hvort hún muni yta á gullhnappinn fræga, sem kemur keppendum samtundis áfram, í gegnum þrúfur. „Það spílást bara eftir því sem kemur til okkar. Ég á fjögurra ára strák og eftir að ég varð mamma fór ég að tárast yfir alls konar hlutum. Ég á það til að verða hrifnæm og það getur verið mikið pönk í mér. Þannig að það er aldrei að vita.“ Ágústa segist jafnframt hlakka til að vinna með hinum þremur dómurum. „Já, þetta er fólk úr öllum áttum, þetta er mjög fjölbreyttur hópur og ég hef fulla trú á því að þetta eigi eftir að verða virkilega skemmtilegt.“

**ÉG VERÐ FYRST OG FREMST ÞARNA Á MINNI EIGIN SANNFÆRINGU. ÉG ER MIKLU MEYRARI Í MÉR EN MARGIR KANNSKI HALDA, ÚT FRÁ SILVÍU NÓTT OG SLÍKU. EN AUÐVITAÐ SPILAST ÞETTA ALLT ÚT FRÁ ÞVI HVAD KEMUR UPP Á BORD. AUÐVITAÐ ER VANDMEÐFARIÐ AÐ VERA DÓMARI Í SVONA KEPPNI ÞAR SEM MARGIR ERU AÐ KOMA FRAM Í FYRSTA SINN.**



SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson [svanur@365.is](mailto:svanur@365.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason [gustaf@365.is](mailto:gustaf@365.is), Hjördís Zoëga [hjordis@365.is](mailto:hjordis@365.is), Sígfrús Örn Einarsson [sigfus@365.is](mailto:sigfus@365.is), Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir [svansi@365.is](mailto:svansi@365.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@365.is](mailto:orn.geirsson@365.is) FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann [atli.bergmann@365.is](mailto:atli.bergmann@365.is), Bryndís Hauksdóttir [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), Jón Ivar Vilhelmsson [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), Jónatan Atli Sveinsson [jonatan@365.is](mailto:jonatan@365.is), FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is) og Vera Einarisdóttir [vera@365.is](mailto:vera@365.is) RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrónnar Helgason [hrognnar@365.is](mailto:hrognnar@365.is), Viðar Ingi Pétursson [vidar@365.is](mailto:vidar@365.is) ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@365.is](mailto:arnarut@365.is), Sigrún Helga Guðmundsdóttir [sigrunh@365.is](mailto:sigrunh@365.is)



HREFNA SÆTRAN & DOMINO'S  
TAKA HÖNDUM SAMAN

# Gott mál

„Það var ánægjulegt að setja saman Góðgerðarpizzuna í ár. Ég nota hakk, cheddarost, rauðlauk, lauk, sveppi og krydda með óreganó. Leynivopnið mitt er svo reykt chili-bearnaise-sósa sem gefur skemmtilegt bragð. Gefandi verkefni og ég vona að Góðgerðarpizzan falli í kramið hjá landsmönnum.“



Öll salan  
rennur óskipt



## HRÓA HATTAR BARNAVINAFÉLAGS

Hrói Höttur Barnavinafélag stuðlar að því að grunnþarfir barna til nauðsynja séu uppfylltar, s.s. skólagögn, matur, frístundaheimili, fatnaður o.fl. Nánar um samtökin á [hnb.is](http://hnb.is)

## GÓÐGERÐARPIZZAN 5.–9. OKT.

HAKK, CHEDDAROSTUR, RAUÐLAUKUR, LAUKUR, SVEPPIR, ÓREGANÓ, TOPPUÐ MEÐ REYKTRI CHILI-BEARNAISE-SÓSU AÐ HÆTTI HREFNU SÆTRAN  
Stór pizza kostar 3.370 kr. og miðstærð 2.945 kr.



SÍMI 58 12345   DOMINO'S APP   WWW.DOMINOS.IS

## Bakpankar

Hauks Viðars  
Alfredssonar



## Fyrsti Íslendingurinn

Hann er óheflaður og hávær. Hann heldur að allur heimurinn snúst í kringum hann og freku börnin hans. Hann er ein-kennilega föður en um leið rauðþrúttinn af bjórsulli síðustu daga. Við þekkjum hann öll og við hötum hann. Hann er fyrsti Íslendingurinn sem við mætum á flugvellið á leið heim úr friinu.

Hann minnr okkur á svo margt, þessi gjammandi mannapi. Vinnuna sem bíður okkar á mánudagsmorguninn. Nístandi kuldann sem tekur á móti okkur eftir nokkra klukkutíma í Leifstöð. Handónýta samfélagið sem við neyðumst til að taka þátt í um leið og dekk vélarinnar snerta jörðina.

Í nokkra daga leið okkur eins og sannkölluðum heimsborgurum. Við gengum um götur stórborgar í brakandi ferskum fötum úr H&M sem við borguðum nokkuð eðlilegt verð fyrir. Við borðuðum á finum veitingastöðum og gátum gert grín að nefstærð mannsins á næsta borði án þess að þurfa að hvísla. Ef við heyrðum íslensku einhvers staðar þá þóttumst við ekki heyra hana, þó okkur langaði auðvitað innst inni að hrópa: „Hey, eruð þið íslensk?“ Við erum nefnilega yfir Íslendinga hafin þegar við förum í fri.

Og þarna er hann mættur út á völlu, íslenski ruddinn, að röfla eitthvað um Tax Free á bjagaðri ensku við þolinmóðan flugvallarstarfsmann. Berandi vaff fram eins og tvöfalt vaff, alveg eins og fáráður. Hann er holdgervingur alls þess sem við þolum ekki við landið okkar. Hann staupar sig með litlum flöskum í vélinni, eyðir stórfé í sigarettur og ilmvoðni úr skranvagninum og svo klappar hann þegar flugvélin lendir. Hann er smáborgari fram í fingurgóma – og hann er alveg eins og við.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,  
Vesturbergi og  
Arnarbakka



Iceland

53.3%

FBL

18%

MBL

## YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur kvemma á tölublað, 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.–mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

 **BLEIKA  
SLAUFAN**

Stydjum  
baráttuna

20% af hverju seldu eintaki af Hydrating 24h Serum í október, rennur til Krabbameinsfélags Íslands.

Varan fæst í verslunum Bláa Lónsins, Hagkaupa og í Hreyfingu.

Fegurðin kemur að innan



www.bluelagoon.is